28. apríl 2017

**Efni: Umsögn Persónuverndar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál.**

Persónuvernd vísar til beiðni fjárlaganefndar Alþingis frá 26. apríl 2017 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um Fjármálaáætlun 2018-2022. Helstu athugasemdir Persónuverndar við fjármálaáætlunina eru eftirfarandi, en ítarefni má finna á bls. 2-7:

***A. Stöðumat á verkefnum Persónuverndar fyrir árið 2018 m.v. 100 m.kr. hækkun á fjárheimildum[1]:***

Ný reglugerð um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga ((ESB) 2016/679)[2] mun koma til framkvæmda í maí 2018. Löggjöfin umbyltir því hvernig unnið er með persónuupplýsingar í Evrópu. Fyrirtæki[3] – hið opinbera og sveitarfélög munu þurfa að fara að ákvæðum hennar. *Hægt verður að sinna og ljúka eftirfarandi verkefnum verði samþykkt 100 m.kr. hækkun á fjárheimildum Persónuverndar:*

1. Ljúka **undirbúningi og greiningu á áhrifum nýrrar löggjafar** á alla starfsemi Persónuverndar. Í þessu felst eftirfarandi:
   a. Gera breytingar á málsmeðferð og undirbúa verkferla, gerð nýrra sniðmáta og eyðublaða
   b. Taka í notkun nýtt málaskrárkerfi m.v. kröfur reglugerðarinnar.
2. **Afgreiða rúmlega 500 óafgreidd mál** (áætlun m.v. stöðu síðustu ára).
3. Vera **viðbúin afgreiðslu á um 1900** nýjum málum (áætlun m.v. fjölgun mála síðustu ár).
4. **Ljúka öryggisúttekt** á Persónuvernd skv. öryggisstaðli ISO 27001.
5. Aðstoða dómsmálaráðuneytið við **innleiðingu** reglugerðarinnar.
6. Vera viðbúin **auknu erlendu samstarfi**.
   a. Ljúka við verklagsreglur því tengdar og uppfæra tölvukerfi.
7. **Ný heimasíða** Persónuverndar.
   a. Tæknilegar breytingar vegna löggjafar.
   b. Efnislegar breytingar vegna löggjafar.
8. Undirbúa breytingar vegna kröfu um **persónuverndarfulltrúa**.
9. **Þjálfa starfsfólk** Persónuverndar vegna breyttra reglna.

***B. Afleiðingar þess að Persónuvernd fái ekki a.m.k. 100 m.kr. hækkun á fjárheimildum fyrir árið 2018:***

1. **Áhrif á einstaklinga**
   a. Persónuvernd verður ekki unnt að tryggja að réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs á Íslandi sé virtur.
2. **Áhrif á fyrirtæki**
   a. *Rekstrarstöðvanir*, t.d. vegna þess að Persónuvernd hefur ekki verið unnt að sinna og leiðbeina fyrirtækjum sem skyldi.
   b. *Rekstrartap* vegna seinkunar á afgreiðslu lögskyldra beiðna um álit eða leiðbeiningar, t.d. vegna þess að ekki verði unnt að taka í gagnið nýjan hugbúnað.
   c. Háar *sektargreiðslur* í kjölfar kvartana sem m.a. geta borist frá Evrópu, ef Persónuvernd getur ekki sinnt og leiðbeint fyrirtækjum sem skyldi.
3. **Áhrif á hið opinbera**
   a. *Engar nýjar tæknilausnir* til vinnslu persónuupplýsinga verður hægt að taka í notkun þar sem Persónuvernd hefur ekki á að skipa sérfræðingum með tæknimenntun til að veita lögbundið forálit (hefur einnig áhrif á fyrirtæki).
   b. *Forgangsraða þarf umsögnum Persónuverndar um lagafrumvörp*. Getur leitt af sér fjölgun mála sem fara fyrir dómstóla vegna óvissu um framkvæmd laga sem varða vinnslu persónuupplýsinga. Á hverju þingi kemur Persónuvernd í veg fyrir fjölda hugsanlegra brota gegn stjórnarská með umsögnum sínum.
   c. *Stöðu Íslands í Schengen-samstarfinu kann að vera ógnað*, verði ekki unnt að sinna verkefnum skv. löggæslutilskipuninni.

---

[1] Sjá rökstuðning fyrir aukinni fjárheimild í fskj. 3.

[2] Fullt heiti reglugerðarinnar: REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin)

[3] Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, 27.4.2017, voru skráðir lögaðilar í lok árs 2016 rúmlega 71.000.

4. **Áhrif á Persónuvernd**
   a. *Staðan á rekstri Persónuverndar er grafalvarleg.* Ljóst er að sjaldan hafa verkefnin verið jafn stór og viðamikil og mikilvæg að umfangi. Að sama skapi liggur fyrir að einungis fjórir lögfræðingar eru burðarstoðin í því að sinna málefnum persónuverndar á Íslandi, þar af tveir reyndir.
   b. *Ekki verður hægt að draga úr fjölda óafgreiddra mála, þar sem ný mál berast á hverjum degi.* Rannsókn nýrra mála og lögskyld verkefni hjá stofnuninni munu því stöðvast að miklu leyti upp úr miðju ári 2018, eingöngu verður sinnt brýnustu erindum, þ.e. kvörtunum einstaklinga.

## *ÍTAREFNI*

### A. *Ný reglugerð ESB um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga*

Þann 25. maí 2018 kemur til framkvæmda ný evrópsk reglugerð um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga (e. *General Data Protection Regulation – GDPR*). Reglugerðin felur í sér umbyltingu á því hvernig ríki skuli standa vörð um ein helstu grundvallarréttindi einstaklinga, réttinn til friðhelgi einkalífsins. Reglugerðinni er einna helst ætlað að auka réttindi einstaklinga, m.a. með auknu gagnsæi um vinnslu persónuupplýsinga og auknum kröfum til þeirra sem vinna með slíkar upplýsingar til að huga að þessum grundvallarréttindum strax í upphafi. Þá eru einstaklingum veitt aukin úrræði til að gæta réttinda sinna. Verður einstaklingum þannig heimilt að leita til persónuverndarstofnunar í því landi sem þeir búa, starfa eða þar sem vinnslan fer fram. Á sama tíma er reglugerðinni ætlað að létta stjórnsýslulegar byrðar fyrirtækja í fjölþjóðlegri starfsemi auk þess sem ýmsar nýjar skyldur eru lagðar á fyrirtæki og stofnanir, s.s. skipun persónuverndarfulltrúa, beiðnir um forálit Persónuverndar o.fl. Af framangreindu leiðir að gert er ráð fyrir að persónuverndarstofnanir í Evrópu starfi í auknum mæli saman að rannsókn mála.

Reglugerðin mælir einnig fyrir um ýmsar nýjar skyldur sem lagðar eru á persónuverndarstofnanir í Evrópu, t.a.m. aukna áherslu á frumkvæðismál og úttektir, skyldu til að veita forálit vegna áhættusamrar vinnslu og skyldu til samstarfs við aðrar persónuverndarstofnanir við rannsókn mála. Ákvæði 52. gr. reglugerðarinnar gerir ráð fyrir að ríki tryggi persónuverndarstofnun hvers lands nægilegt fjármagn og mannafla til að geta sinnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt.

### B. *Helstu verkefni Persónuverndar vegna reglugerðarinnar*[4]

1. **Nýjar skyldur lagðar á lögaðila**, bæði fyrirtæki – hið opinbera og sveitarfélög, sem persónuverndarstofnanir munu þurfa að framfylgja og kalla á aukið eftirlit þeirra og yfirsýn.
2. Tilkoma **nýrra og aukinna réttinda einstaklinga** mun leiða til fjölgunar á kvörtunum sem Persónuvernd mun þurfa að sinna skv. stjórnsýslulögum.[5]
   a. Dæmi: aukinn réttur hins skráða til aðgangs að upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga, flutningsréttur milli þjónustuaðila, réttur til eyðingar persónuupplýsinga, réttur til að takmarka aðgang að persónuupplýsingum, o.fl.
3. **Aukin krafa um leiðbeiningar** Persónuverndar, bæði á landsvísu og vegna skuldbindinga skv. EES-samningnum.
   a. Aukin áhersla á ábyrgðarskyldu (e. *accountability*) fyrirtækja, t.a.m. með skipan persónuverndarfulltrúa.
      *i.* Halda þarf námskeið fyrir verðandi persónuverndarfulltrúa þar sem reglugerðin gerir ráð fyrir að viðkomandi hafi *sérþekkingu á lögum um persónuvernd.* Þeir sérfræðingar sem nú þegar uppfylla þessi skilyrði eru af mjög skornum skammti á Íslandi.[6]
      *ii.* Halda þarf fræðslufundi fyrir fyrirtæki og stofnanir um nýjar skyldur skv. reglugerðinni. Nú þegar hefur Persónuvernd haldið fjölda kynninga og aukast þær sífellt. Persónuvernd hefur nú stöðvað frekari kynningar vegna manneklu og anna.

---

[4] Ekki er um tæmandi lista að ræða.
[5] Einnig má nefna að Evrópudómstóllinn hefur kveðið á um að persónuverndarstofnunum sé skylt að taka til meðferðar allar kvartanir sem þeim berast.
[6] Evrópusambandið gerir ráð fyrir að skilyrðið um persónuverndarfulltrúa kalli á allt að 28.000 ný störf innan sambandsins.

   b. Aukið álag á símatíma og við svörun fyrirspurna hjá Persónuvernd vegna reglugerðarinnar, bæði til að leiðbeina einstaklingum um ný réttindi þeirra og fyrirtækjum um hvernig skuli bregðast við þessum nýju réttindum og auknum skyldum.
4. Aukin krafa um að forstjóri og aðrir lykilstarfsmenn Persónuverndar tjái sig opinberlega á viðburðum sem tengjast vitundarvakningu og fylgni við reglurnar (nú þegar orðið umtalsvert, sbr. lið 3).
5. Aukið samstarf við evrópskar persónuverndarstofnannir til að hanna og innleiða persónuverndarvottun og vegna siðareglna aðila atvinnulífsins um vinnslu persónuupplýsinga.
6. Innleiða **tilkynningakerfi sem getur tekið á móti tilkynningum um öryggisbrot**, sem þurfa að berast Persónuvernd innan 72 klst. frá því að viðkomandi öryggisbrot varð, og tryggja fullnægjandi úrvinnslu slíkra mála hratt, þar sem um getur verið að ræða mjög alvarleg atvik sem hafa mikil áhrif á líf einstaklinga.
   a. Dæmi: Brotist er inn í tölvukerfi fjármálafyrirtækis og þaðan stolið fjárhagsupplýsingum. Slíkar upplýsingar geta gengið kaupum og sölum og getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinga, fái þeir ekki tækifæri til að gera ráðstafanir af sinni hálfu. Milliganga Persónuverndar og hröð viðbrögð geta skipt sköpum í málum sem þessum.
7. **Nýjar skyldur lagðar á Persónuvernd**, sbr. 36. gr. reglugerðarinnar þar sem gert er ráð fyrir að skylt verði að **leita forálits hennar** þegar um sérstaklega áhættusama vinnslu persónuupplýsinga er að ræða, t.a.m. þegar ætlunin er að taka í gagnið nýjan hugbúnað sem keyrir stór gagnasöfn en slík vinnsla færist sífellt í aukana hjá fyrirtækjum og stofnunum.
   a. Persónuvernd er veittur mjög skammur tími (8 vikur) til að veita forálit en hér getur verið um að ræða mjög tæknilega og flókna vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd þarf að hafa yfir að ráða tölvunarfræðingum/sérfræðingum í upplýsingaöryggi til að geta unnið þetta verkefni.
   b. **Áhrif á fyrirtæki**:
      i. Svari stofnunin ekki beiðnum um forálit er þeirri hættu boðið heim að *fyrirtæki fari af stað með sérstaklega áhættusama vinnslu sem geti haft geigvænleg áhrif á einstaklingshagsmuni*. Þá getur slíkt einnig valdið því að viðkomandi fyrirtæki fái á sig *sekt* vegna kvörtunar einstaklinga.
      ii. *Rekstrarstöðvun* getur orðið hjá fyrirtækjum í ljósi þess að þau geti ekki farið af stað með tiltekna vinnslu þar sem bíða þurfi í lengri tíma eftir foráliti frá Persónuvernd.
   c. **Áhrif á stofnanir**:
      i. Stofnanir sem vinna með stór gagnasöfn og gagnagrunna, t.a.m. við útreikning ýmiss konar greiðslna eða bóta til einstaklinga, geta þurft að bíða í lengri tíma eftir foráliti Persónuverndar þegar um nýjar keyrslur er að ræða. Slíkt er líklegt til að leiða af sér umtalsverðan kostnað fyrir ríkið.
8. Skylda Persónuverndar til að vera **forystueftirlitsyfirvald** (e. „lead supervisory authority") fyrir þau fyrirtæki sem eru með staðfestu á Íslandi en starfsemi í öðrum löndum ESB og EES, eða vinna persónuupplýsingar um ríkisborgara þaðan, felur í sér mikið samstarf við aðrar persónuverndarstofnanir í Evrópu, auk þess sem gert er ráð fyrir að mikil vinna muni fara í að fara yfir athugasemdir allra þeirra stofnana í málum sem varða fyrirtæki í fjölþjóðlegri starfsemi.
   a. Ekki eru til neinar tölur yfir hversu mörg íslensk fyrirtæki eru með starfsemi í öðrum löndum Evrópu en gera má ráð fyrir að flest stærri fyrirtæki hérlendis séu með fjölþjóðlega starfsemi.
9. **Þátttaka Persónuverndar í Evrópska persónuverndarráðinu** sem mun hafa það hlutverk að innleiða samræmingarkerfi persónuverndarstofnana (e. „Consistency mechanism"), sem felur m.a. í sér að einstaklingar og fyrirtæki geti leitað á einn stað með sín mál og mun ráðið geta tekið bindandi ákvarðanir gagnvart persónuverndarstofnunum (á eftir að útfæra nánar gagnvart EES-ríkjum).
10. Skylda Persónuverndar til að taka þátt í **gagnkvæmri aðstoð og sameiginlegum evrópskum úttektum**. Nauðsynlegt að Persónuvernd hafi yfir að ráða nægum mannafla til að gæta hagsmuna Íslendinga, t.a.m. þeirra sem búsettir eru í öðrum löndum ESB og EES, í slíkum málum.
11. **Tilkoma sektarheimilda**. Nauðsynlegt að Persónuvernd hafi yfir að ráða nægum mannafla til að geta beitt sektum af sanngirni og meðalhófi ásamt því að geta aðstoðað ríkislögmann varðandi þær sektarákvarðanir sem munu fara fyrir dómstóla.

## *C. Tilskipun um vernd persónuupplýsinga hjá lögreglu og dómsmálayfirvöldum*

Auk framangreinds skal bent á að ekki einungis mun reglugerðin um vernd persónuupplýsinga leggja auknar skyldur á Persónuvernd heldur er fyrirséð að tilskipun um vernd persónuupplýsinga hjá lögreglu og dómsmálayfirvöldum ((ESB) 2016/680) geri það einnig, en hún þarf að hafa verið innleidd hinn 6. maí 2018 og mun hafa áhrif í tengslum við meðal annars Schengen-samstarfið. Geta reglur á því sviði krafist mikils vinnuframlags af hálfu Persónuverndar og má nefna að reglulega fara fram viðamiklar, evrópskar úttektir á því hvernig farið er að reglum um vernd persónuupplýsinga í umræddu samstarfi. Hefur þá m.a. komið fram að nauðsynlegt sé að tryggja betur sjálfstæði Persónuverndar og nægar fjárveitingar til hennar.

## *D. Tillaga að reglugerð um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum*

Einnig skal bent á að framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram tillögu að reglugerð um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum og liggur texti tillögunnar fyrir. Reglugerðin, sem samkvæmt tillögunni tæki gildi 25. maí 2018, kæmi í stað tilskipunar 2002/58/EB á sama sviði, en hún var innleidd með ákvæðum í fjarskiptalögum nr. 81/2003. Skyldur samkvæmt tilskipuninni voru þar lagðar á herðar Póst- og fjarskiptastofnun, en reglugerð á grundvelli tillögunnar hefði það í för með sér að þær færðust yfir til Persónuverndar. Í því sambandi má benda á að samkvæmt umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um tillöguna til innanríkisráðuneytisins, dags. 21. febrúar 2017, getur eftirlit með reglum á grundvelli tilskipunarinnar „numið um 30% af starfsgildi hjá stofnuninni". Þar sem starfsmenn hennar eru 24 jafngildir það um 7 starfsmönnum.

## *E. Sektargreiðslur*

Með reglugerðinni er persónuverndarstofnunum í Evrópu veitt heimild til að leggja á sektir vegna brota á ákvæðum reglugerðarinnar. Fyrir vægari brot verður Persónuvernd heimilt að leggja á sektir allt að 2% af heildarársveltu á heimsmarkaði eða 10 milljónir evra,[7] hvort sem hærra er. Fyrir alvarlegri brot verður Persónuvernd heimilt að leggja á sektir allt að 4% af heildarársveltu á heimsmarkaði eða 20 milljónir evra.[8] Til að setja umræddar tölur í samhengi má vísa til eftirfarandi töflu, sem inniheldur lista í dæmaskyni um hvernig sektir yrðu reiknaðar fyrir stærstu fyrirtæki landsins.[9] Sá fyrirvari er þó gerður að hæstu sektarheimildum yrði eingöngu beitt í allra alvarlegustu brotum á ákvæðum reglugerðarinnar, þar sem brot væru hugsanlega endurtekin og ekki væri farið að fyrirmælum Persónuverndar:

| **Fyrirtæki** | **Velta** | **4% af veltu** | **2% af veltu** |
|---|---|---|---|
| Icelandair Group | 150.000.000.000 | 6.000.000.000 | 3.000.000.000 |
| Marel | 120.000.000.000 | 4.800.000.000 | 2.400.000.000 |
| Arion banki | 118.000.000.000 | 4.720.000.000 | 2.360.000.000 |
| Landsbankinn | 101.000.000.000 | 4.040.000.000 | 2.020.000.000 |
| Samskip | 94.000.000.000 | 3.760.000.000 | 1.880.000.000 |
| Alcoa Fjarðaál | 90.000.000.000 | 3.600.000.000 | 1.800.000.000 |
| Íslandsbanki | 87.000.000.000 | 3.480.000.000 | 1.740.000.000 |
| Actavis | 84.000.000.000 | 3.360.000.000 | 1.680.000.000 |
| Samherji | 78.000.000.000 | 3.120.000.000 | 1.560.000.000 |
| Icelandic Group | 78.000.000.000 | 3.120.000.000 | 1.560.000.000 |

[7] Skv. gengi dagsins í dag: rúmlega 1,1 milljarður íslenskra króna.
[8] Skv. gengi dagsins í dag: rúmlega 2,2 milljarðar íslenskra króna.
[9] Tölur yfir heildarársveltu eru fengnar úr lista Frjálsrar verslunar yfir stærstu fyrirtæki landsins fyrir árið 2015, gefnum út í lok árs 2016.

*F. Framtíðarsýn 2018-2022*

1. Að Persónuvernd verði leiðandi afl í stjórnsýslu hins opinbera til að standa vörð um friðhelgi einkalífsins, þannig að brugðist verði hratt og örugglega við öllum beiðnum um leiðbeiningar og álit fyrirtækja og stofnana. Öryggi persónuupplýsinga einstaklinga verði tryggt á Íslandi.
2. Að Persónuvernd verði á hverjum tíma mönnuð þannig að íslenska ríkið geti fullnægt þeim skyldum sem á það eru lagðar með tilkomu reglugerðarinnar um vernd persónuupplýsinga. Ráða þarf sérfræðinga, m.a. í upplýsingaöryggi, til þess að Persónuvernd geti veitt ráðgjöf í flóknum tæknimálum sem varða gerð gagnagrunna, notkun á gríðargögnum (e. Big Data), notkun á gervigreind, interneti allra hluta (e. Internet of Things) o.fl.
3. Tölvu- og hugbúnaður Persónuverndar verði uppfærður þannig að hann standist kröfur nútímans um upplýsingaöryggi o.þ.h.
4. Ný heimasíða Persónuverndar verði að veruleika, sem hægt verði að skoða í snjalltækjum. Heimasíða Persónuverndar er í grunninn frá árinu 2007 og er því orðin 10 ára gömul. Síðan hefur nú þegar orðið fyrir einni tölvuárás og þjónustuaðili er hættur stuðningi við þá útgáfu vefhugbúnaðar sem Persónuvernd notar.

*G. Þróun fjárheimilda Persónuverndar 2003-2017*

Á árunum 2003-2013 drógust fjárheimildir Persónuverndar jafnt og þétt saman, um alls þriðjung á föstu verðlagi, úr 93,4 m.kr. árið 2003 í 60 m.kr. árið 2013. Á sama tímabili fór málafjöldi úr 627 málum árið 2003 í rúm 1.600 mál árið 2013. Á sama tíma var starfsmönnum fækkað úr 11 í fimm, þar af þrjá sérfræðinga.

Á árinu 2013 var innanríkisráðuneytinu greint frá því að þanþol stofnunarinnar væri þrotið og upplýst að Persónuvernd gæti ekki lengur sinnt lögbundnu hlutverki og því orkaði tvímælis að Ísland fullnægði persónuverndarskuldbindingum skv. EES-samningnum, sjá fylgiskj. 4.

Á árunum 2013-2015 gengdu fimm einstaklingar starfi forstjóra Persónuverndar, þar af voru þrír settir forstjórar tímabundið. Núverandi forstjóri tók við störfum haustið 2015.

Í erindi til innanríkisráðuneytisins, dags. 9.2. 2016, var greint frá því að heildaraukafjárþörf Persónuverndar fyrir árið 2017 væri 95 m.kr. til að standa straum af undirbúningi á innleiðingu á nýrri evrópskri persónuverndarlöggjöf og gjörbreyttum verkefnum. Hluti aukins fjármagns þyrfti að berast strax árið 2016. Umbeðið fjármagn fyrir 2016 barst ekki. Tímabundin fjárveiting fyrir einn starfsmann 2017 var veitt.

**Yfirlit yfir umbeðnar fjárheimildir og veittar fjárheimildir á árunum 2007-2017 (tekið saman að beiðni erlendra eftirlitsaðila):**

| | **Umbeðnar fjárheimildir** | **Endanleg fjárheimild** | |
|---|---|---|---|
| **Ár** | **IKR** | | **Athugasemdir** |
| 2007 | 60.359.749 | 60.000.000 | |
| 2008 | 75.467.960 | 64.500.000 | |
| 2009 | 79.801.172 | 68.000.000 | |
| 2010 | 71.840.879 | 66.400.000 | |
| 2011 | 67.272.773 | 69.000.000 | |
| 2012 | 73.000.000 | 58.100.000 | |
| 2013 | 90.000.000 | 60.000.000 | |
| 2014 | 112.000.000 | | Lægri upphæðin var lögð til sem algjört lágmark. |
| 2014 | 88.000.000 | 89.700.000 | |
| 2015 | 103.000.000 | 94.500.000 | |
| 2016 | 104.500.000 | 101.600.000 | |
| 2017 | 196.600.000 | 114.200.000 | |
| 2018 | 217.536.000* | | |

*M.v. 97 m.kr. hækkun á fjárheimildum Persónuverndar auk 3% áætlaðrar vísitöluhækkunar.

*H. Fjármál: áhrif á afgreiðslu mála hjá Persónuvernd*

Miðað við óbreytt ástand (þ.e. fjóra lögfræðinga, auk tveggja samkvæmt ráðningarferli sem nú stendur yfir) benda gróflegar áætlanir Persónuverndar til að fjöldi óafgreiddra mála muni fara yfir 500 mál á árinu 2017. Fáist ekki umbeðin aukning á fjárheimildum Persónuverndar verður ekki hægt að draga úr fjölda óafgreiddra mála, því ný mál bætast við á degi hverjum. Rannsókn nýrra mála og lögskyld verkefni hjá Persónuvernd munu því stöðvast að miklu leyti upp úr miðju ári 2018, eingöngu verður sinnt brýnustu erindum, þ.e. kvörtunum einstaklinga og unnið að afgreiðslu eldri óafgreiddra mála.

Almennt er miðað við að fari fjöldi mála sem skráð eru á hvern starfsmann hverju sinni yfir 40 sé honum ekki mögulegt að sinna þeim með fullnægjandi hætti. Afgreiðsla eldri mála dragist úr hófi og afgreiðsla nýrra mála stöðvist jafnvel alfarið. Miðað við að sex lögfræðingar (þar af tveir sem verða ráðnir á næstu vikum, tveir með um eins árs reynslu og tveir með margra ára reynslu) sinni verkefnum Persónuverndar má því gera ráð fyrir að hámarksfjöldi óafgreiddra mála sé þá á hverjum tíma 240. Í dag eru hins vegar 472 mál óafgreidd hjá Persónuvernd, sem **þrír lögfræðingar** sinna fram til 8. maí nk. þegar sá fjórði kemur aftur úr fæðingarorlofi. Meðalfjöldi óafgreiddra mála það sem af er árinu 2017 er um 450.

**Yfirlit yfir þróun fjárheimilda m.v. málafjölda 2002-2015**




*I. Niðurlag*

Fyrir utan allt framangreint skal á það bent að sífellt stærri hluti þeirra verkefna sem koma á borð Persónuverndar varða mál sem fá mikla umfjöllun í samfélaginu á hverjum tíma. Mikill hluti af starfstíma forstjóra hefur því farið í að sinna beiðnum fjölmiðla um álitsgjöf og umfjöllun um snertiflöt mála við persónuvernd almennt. Þá hefur það einnig aukist til muna að ráðuneyti biðji um yfirferð Persónuverndar á málum áður en frumvörp eru send í þinglega meðferð, auk þess sem mikill tími sérfræðinga hjá stofnuninni fer í að sinna beiðnum þingnefnda um umsögn um þingmál. Jafnframt þessu leita stofnanir landsins og fyrirtæki í mjög svo auknum mæli til Persónuverndar eftir almennri ráðgjöf um málefni tengd persónuvernd. Mörg þessara mála eru brýn og þarfnast skjótra svara.

**Staðan á rekstri Persónuverndar er grafalvarleg. Ljóst er að sjaldan hafa verkefnin verið jafn stór og viðamikil og mikilvæg að umfangi. Að sama skapi liggur fyrir að einungis fjórir lögfræðingar eru burðarstoðin í því að sinna málefnum persónuverndar á Íslandi, þar af tveir reyndir.**

**Það er því algjörlega nauðsynlegt fyrir framgang persónuverndar á Íslandi að tryggja nú þegar aukið fjármagn Persónuvernd til handa.**

F.h. Persónuverndar,

Helga Þórisdóttir

forstjóri

Listi yfir fylgiskjöl:

1. Stefnuskjal Persónuverndar fyrir fjármálaáætlun 2018-2022.
2. Svar við erindi innanríkisráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2016: Bréf til forstöðumanna – auk nýrra upplýsinga um fjárhagsstöðu Persónuverndar, dags. 27. desember 2016.
3. Fjárþörf Persónuverndar vegna nýrrar ESB-löggjafar um persónuvernd, dags. 9. febrúar 2016.
4. Greinargerð um fjármál Persónuverndar, dags. 22. október 2013.

FSKJ. 1

Persónuvernd

Stefnuskjal – Fjármálaáætlun 2018-2022

# Persónuvernd

Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík | Ísland
Sími 510 9600
postur@personuvernd.is
www.personuvernd.is

Persónuvernd

# Starfsemi Persónuverndar

- Hlutverk / tilgangur / verkefni

**Hlutverk Persónuverndar er að gæta hagsmuna almennings þannig að mannréttindi séu ekki brotin við meðferð persónuupplýsinga.** Persónuvernd var stofnuð með lögum nr. 77/2000. Lögin eru sett á grundvelli EES-gerðar um persónuvernd og er sams konar sjálfstæð stofnun starfandi í sérhverju hinna EES-ríkjanna. Í lögunum eru tiltekin helstu verkefni sem stofnuninni ber að sinna, sbr. 37. gr., en veigamest þeirra eru :

1. að annast *eftirlit* með því að farið sé að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000 og reglna setta samkvæmt þeim,
2. að *úrskurða* í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga,
3. að afgreiða *leyfisumsóknir*, taka við *tilkynningum* og mæla fyrir um *ráðstafanir* varðandi vinnslu persónuupplýsinga og
4. að fylgjast með *þróun persónuupplýsingaverndar* á innlendum og erlendum vettvangi, greina hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar.
5. að *leiðbeina* þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu
6. að *tjá sig* samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði um álitaefni um meðferð persónuupplýsinga og *veita umsagnir* við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd.

**Þá eru Persónuvernd falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd í á annað hundrað laga og stjórnvaldsreglna.**

- Helstu þjónustuþættir* (*skv. ársskýrslu 2015)

1. Fyrirspurnir, umsagnir, álit (26,7%)
2. Mál vegna tilkynninga (25,5%),
3. Mál vegna vísindarannsókna (23,4%)
4. Erlent samstarf (6,9%)
5. Kvartanir, kærur, úrskurðir (4,6%),
6. Smíði stjórnvaldsreglna (1,9%), Kynningar, námskeið, fyrirlestrar (1,7%), innri mál (1,7%), frumkvæðismál (1,6%), leyfisumsóknir (1,5%), veitt leyfi (0,5%), umsóknir (0.2%), úttektarmál (0,2%) og annað (3,5%)

Persónuvernd

# Þróun starfsemi Persónuverndar síðustu 2-3 ár

- Á árunum 2003-2013 drógust fjárheimildir Persónuverndar jafnt og þétt saman, um alls þriðjung á föstu verðlagi, úr 93,4 m.kr. árið 2003 í 60 m.kr. árið 2013. Á sama tímabili fór málafjöldi úr 627 málum árið 2003 í rúm 1.600 mál árið 2013. Á sama tíma var starfsmönnum fækkað úr 11 í fimm, þar af þrír sérfræðingar.

- Á árinu 2013 var innanríkisráðuneyti greint frá því að þanþol stofnunarinnar væri þrotið og upplýst að Persónuvernd gæti ekki lengur sinnt lögbundnu hlutverki og því orki tvímælis að Ísland fullnægi persónuverndarskuldbindingum skv. EES-samningnum.

- Á árunum 2013-2015 gengdu fimm einstaklingar starfi forstjóra Persónuverndar, þar af voru þrír settir forstjórar tímabundið.

- Þegar núverandi forstjóri tók við störfum 1. 9. 2015 voru í heildina 8 starfsmenn að störfum hjá Persónuvernd. Núverandi fjárhagsrammi er hins vegar miðaður við 7 starfsmenn!

- Í erindi til innanríkisráðuneytis, dags. 9.2. 2016, var greint frá því að heildar aukafjárþörf Persónuverndar fyrir árið 2017 væri 95 m.kr. til að standa straum af undirbúningi á innleiðingu á nýrri evrópskri persónuverndarlöggjöf og gjörbreyttum verkefnum. Hluti aukins fjármagns þyrfti að berast strax árið 2016. Umbeðið fjármagn fyrir 2016 barst ekki. Tímabundin fjárveiting fyrir einn starfsmann 2017 var veitt.

- Staðan í lok árs 2016: Sjö starfsmenn að störfum, þar af fimm sérfræðingar. 1865 ný mál árið 2016. Rúmlega 400 opin mál frá fyrra ári. Framundan: Innleiðing á GDPR (Ísland ári á eftir í innleiðingarferli miðað við viðmiðunarlönd), Schengen úttekt á Persónuvernd í mars 2017, Öryggisúttekt á Persónuvernd í gangi skv. ISO 27001. Ný mál hrúgast inn, sem og beiðnir um kynningar á nýrri löggjöf frá fyrirtækjum landsins, sveitarfélögum, Stjórnarráðinu og stjórnsýslunni allri. **Neyðarbeiðni um viðbrögð við fyrirliggjandi stöðu til innanríkisráðuneytis,** sbr. bréf frá forstjóra, dags. 27. 12.2016.

Persónuvernd

# Helstu áhrifavaldar á málaflokk næstu 5 ár

- GDPR (The General Data Protection Regulation; Regulation EU 2016/679): Ný evrópulöggjöf um persónuvernd sem lögfest hefur verið og sem taka mun gildi í Evrópu í lok maí 2018 hefur í för með sér grundvallarbreytingar á gildandi löggjöf um persónuvernd og eðlisbreytingu á starfsumhverfi Persónuverndar; nýjar skyldur um eftirfylgni við persónuvendarlöggjöf lagðar á öll fyrirtæki landsins, hið opinbera og sveitarfélög. Eftirfarandi eftirlit Persónuverndar mun að hluta breytast í undanfarandi eftirlit, aukin leiðbeiningarskylda fyrir einstaklinga, fyrirtæki og hið opinbera, auk þess sem kynnt er til sögunnar umfangsmikil samvinna persónuverndarstofnana í Evrópu. Fellur undir EES-samninginn.
- Stafræn upplýsingatæknibylting og persónuverndarsjónarmið því tengd: Internet allra hluta (e. Internet of things), gagnagnót (Big Data) og gervigreind (Artificial Intelligence), þ.e. sjálfvirk ákvörðunartaka véla.
- Tengsl við skylda löggjöf: Schengen upplýsingakerfið, fjarskiptalöggjöf, neytendalöggjöf, samkeppnislög o.fl.

# Þróun og stefna Persónuverndar næstu 5 ár

Persónuvernd

- Það er stefna Persónuverndar að vera leiðandi á sviði persónuverndar og meðferðar persónuupplýsinga á Íslandi og leitast við að tryggja að hið opinbera, fyrirtæki, og einkaaðilar þekki og fari að reglum um meðferð persónuupplýsinga.
- Persónuvernd mun áfram miðla umfangsmikilli þekkingu og upplýsingum þannig að almenningur geti staðið vörð um réttindi sín.
- **Verkefnastaða Persónuverndar er slík að ekki verður við hana ráðið við óbreyttar aðstæður!** Málafjöldi vex ár frá ári. Sjö starfsmenn, þar af fimm sérfræðingar, ráða ekki við afgreiðslu á 1865 málum á ári auk þess að veita innanríkisráðuneyti aðstoð við innleiðingu á tímamótalöggjöf og sjá um kynningu á henni fyrir öll fyrirtæki landsins, hið opinbera og sveitarfélög, sem og að sinna öðrum verkefnum, svo sem mjög svo aukinni eftirspurn um yfirferð fyrir Stjórnarráðið og Alþingi á lagafrumvörpum, Schengen úttekt, öryggisúttekt skv. ISO 27001 o.fl. verkefnum.
- Að óbreyttu er fyrirséð að afgreiðsla mála muni dragast úr hófi. Þessi staða mun bitna á öllum viðskiptavinum Persónuverndar, þ.e. fyrirtækjum landsins, hinu opinbera, einstaklingum og öllum þeim sem vinna með persónuupplýsingar, auk þess sem Ísland mun þá ekki standa nægilega við skuldbindingar skv. EES-rétti.
- Verði Persónuvernd veitt aukið fjármagn verður unnt að standa undir þeirri miklu ábyrgð sem óskað er eftir að stofnunin sinni í samfélaginu.

Persónuvernd

# Markmið og mælikvarðar nú og áfram

1. Nauðsynleg kynning á GDPR fyrir viðskiptavini Persónuverndar fari fram á árinu 2017 (mælikvarði: flokkun á viðskiptavinum, ákvörðun um forgangsröðun kynninga og aukin kynning á nýrri löggjöf og tengdu efni á heimasíðu).
2. ISO öryggisúttekt á Persónuvernd lokið október 2017.
3. Verkferlar Persónuverndar fyrir GDPR tilbúnir fyrir lok árs 2017. (mælikvarði: breytingar á heimasíðu undirbúnar, útbúa ný sniðmát og verklagsreglur).
4. Verkferlar Persónuverndar fyrir GDPR, tilbúnir lok apríl 2018: (mælikvarði: greina breytingar og sérsmíða málaskrárkerfi v. aukins erlends samstarfs og breyttra starfsaðferða, viðhalda, þjálfa og ráða hæft starfsfólk).
5. Opin mál Persónuverndar verði undir 100 talsins 1. janúar 2019. (mælikvarði: aukið fjármagn fyrir nýráðningum).

Persónuvernd

# Aðgerðir til stuðnings stefnu og markmiðum

Allar framangreindar aðgerðir, þ.e. mannaráðningar, þjálfun og menntun starfsfólks, ný heimasíða, endurnýjun málaskrárkerfis vegna gjörbreytts hlutverks og aukinnar samvinnu við aðrar persónuverndarstofnanir, athugun á öryggi ferla, o.fl., ef frá er talin fundarherferð um nýja löggjöf, er háð því að aukið fjármagn fáist fyrir starfsemi Persónuverndar.

Persónuvernd

# Ávinningur af stefnu og aðgerðum

- Að réttur einstaklinga á Íslandi til friðhelgi einkalífs sé virtur.
- Að virtar séu þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt EES-samningi.

# Fjármögnun

- Stóraukin verkefni sem ógerlegt er að sinna nema til komi aukið fjárframlag.

Þróun í málafjölda hjá Persónuvernd 2003-2013




Þróun fjárheimilda stofnunarinnar á föstu verðlagi 2003-2013




| Fjármögnun | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| Framlag úr ríkissjóði (óbreytt staða) | 117,6 | 121,2 | 124,8 | 128,5 | 132,4 |
| Sértekjur | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 |

Persónuvernd

Persónuvernd
Rauðarárstíg 10, 105 Rvk.
Sími: 510-9600
postur@personuvernd.is
www.personuvernd.is

+JKD. 2

Innanríkisráðuneytið
Ingilín Kristmannsdóttir
Sölvhólsgötu 7
150 Reykavík

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 27. desember 2016
Tilvísun: 2016121816HÞ/--

Efni: Svar við erindi innanríkisráðuneytis, dags. 30. nóvember 2016: Bréf til forstöðumanna – auk nýrra upplýsinga um fjárhagslega stöðu Persónuverndar.

1. **Fjárhags- og rekstrarstaða Persónuverndar.**

   a. Þegar núverandi forstjóri Persónuverndar tók við störfum 1. september 2015 voru 8 starfsmenn að störfum hjá stofnuninni, að meðtöldum forstjóra. Það fjármagn sem Persónuvernd fékk úthlutað samkvæmt fjárlögum 2016 var hins vegar ekki í samræmi við það. Framúrkeyrsla á launalið ársins 2016 verður ca. 3,99 millj. kr., þrátt fyrir að ársverk stofnunarinnar hafi ekki verið fleiri en 6,83 á árinu 2016. Við framangreindu var brugðist með því að fresta nýráðningum, sem og með því að stofnunin var án rekstrarmanneskju frá 1. janúar – 15. júní 2016.

      Framangreindur starfsmannafjöldi nægir engan veginn til að Persónuvernd geti sinnt grunnskyldum sínum svo vel sé. Það tímabundna framlag samkvæmt ný samþykktum fjárlögum, sem ætlað er „til ráðningar starfsmanns til endurbóta á persónuverndarlöggjöf" mun einungis gera Persónuvernd kleift að halda því stöðugildi sem þegar hafði verið ráðið í, að því er virðist án nægilegra fjárheimilda.

   b. Verkefni stofnunarinnar hafa farið vaxandi ár frá ári. Bæði er um að ræða aukningu í fjölda innsendra erinda en einnig er mikil vinna í gangi, og framundan, við innleiðingu á nýrri Evrópulöggjöf um persónuvernd, sbr. lið 3 hér á eftir. Um frekari greiningu á fjárþörf og mannaflaþörf Persónuverndar vísast til skjala sem

þegar hafa verið send ráðuneytinu, sbr. bréf dags. 9. febrúar 2016 og bréf dags. 22. október 2013, hjálögð erindi þessu.

2. **Svar við erindi innanríkisráðuneytis, dags. 30. nóvember 2016: *Ósk um útkomuspá Persónuverndar fyrir árið 2016 og áform um að ná fjárhagslegum jöfnuði í árslok 2017.***

   a. Útkomuspá og áætlaða stöðu eigin fjár Persónuverndar í árslok má sjá í meðfylgjandi Excel skjali. Ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir mögulegri niðurfærslu á halla Persónuverndar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017, þar sem stofnunin var ekki á lista stofnana sem þar var tilgreindur, þrátt fyrir að hafa verið rekin með halla og vera með neikvæða stöðu eigin fjár um sl. áramót.

   b. Hvað varðar lið 2. í erindi ráðuneytisins, þ.e. hvort einhverjar sérstakar eða óvenjulegar aðstæður eða þættir nú á lokamánuðum ársins hafi áhrif á útkomu ársins 2016, sem og hvaða fjárhæðir um ræðir, þá vísast almennt til kafla 1 hér að framan, sem og kafla 3 hér á eftir.

      Hvað aðrar sérstakar aðstæður varðar, þá skal á það bent að í fjárlögum ársins 2016 var gert ráð fyrir 4 millj. kr. framlagi vegna öryggisúttektar hjá stofnuninni (ISO 27001). Sökum mikilla anna reyndist ekki unnt að hefja vinnu við vottunina fyrr en í nóvember. Kostnaður vegna hennar mun því að langmestu leyti falla til á næsta ári. Þetta þýðir að viðkomandi rekstrarliður er undir áætlun. Þrátt fyrir það er ljóst að stofnunin verður rekin með meiri halla en rekstraráætlun 2016 gerði ráð fyrir og munar þar mestu um framúrkeyrslu á launalið, sem gerð var grein fyrir í kafla 1 hér að framan. Þá hafði í fyrri áætlunum auk þess ekki verið gert ráð fyrir því að kostnaður við að viðhalda öryggisvottun væri áætlaður um 700 þús. kr. á ári hverju.

3. **Stöðumat á verkefnastöðu Persónuverndar fyrir árið 2017:**

   a. **Fyrir liggur að með fimm lögfræðinga (þar af þrjá reynda) þarf Persónuvernd m.a. að sinna eftirfarandi verkefnum á árinu 2017:**

      - Afgreiða rúmlega 400 opin mál frá árinu 2016
      - Vera viðbúin afgreiðslu á um 1800 nýjum málum
      - Schengen úttekt á Persónuvernd 20. – 24. mars 2017
      - Öryggisúttekt á Persónuvernd skv. öryggisstaðili ISO 27001
      - Aðstoða innanríkisráðuneyti við innleiðingu GDPR (Regulation EU 2016/679)
        - Fagleg sérfræðiaðstoð vegna innleiðingarvinnu (löggjöf, þýðing

o.fl.)

  - Fagleg sérfræðiaðstoð vegna kynningar á nýrri löggjöf

- Undirbúa og greina áhrif nýrrar löggjafar á alla starfsemi Persónuverndar:
  - Breytingar á stjórnsýslulegri málsmeðferð
    - Forskoðun vinnslu (e. prior checking)
    - Tilkynning á öryggisbrestum (innan 72 klst.)
    - Önnur atriði
  - Yfirfara breytingar á eftirliti
    - Útbúa ný sniðmát
    - Útbúa nýjar verklagsreglur
  - Undirbúa breytingar á málaskrárkerfi Persónuverndar
    - Víðtækara gildissvið löggjafar
    - Aukið erlent samstarf
    - Breyttar verklagsreglur
  - Undirbúa umfangsmiklar breytingar á heimasíðu Persónuverndar
    - Tæknilegar breytingar vegna löggjafar
    - Efnislegar breytingar vegna löggjafar
  - Undirbúa breytingar vegna kröfu um persónuverndarfulltrúa
  - Þjálfun starfsfólks vegna breyttra reglna
  - Undirbúa aukna erlenda samvinnu vegna löggjafar
    - Tæknilegar breytingar
    - Efnislegar breytingar (e. One-stop shop, Consistency Mechanism)

## 4. Niðurlag

Fyrir utan allt framangreint skal á það bent að sífellt stærri hluti þeirra verkefna sem koma á borð Persónuverndar varða mál sem fá mikla umfjöllun í samfélaginu á hverjum tíma. Mikill hluti af starfstíma forstjóra hefur því farið í að sinna beiðnum fjölmiðla um

álitsgjöf og umfjöllun um snertiflöt mála við persónuvernd almennt. Þá hefur það einnig aukist til muna að ráðuneyti biðji um yfirferð Persónuverndar á málum áður en frumvörp eru send í þinglega meðferð, auk þess sem mikill tími sérfræðinga hjá stofnuninni fer í að sinna beiðnum þingnefnda um umsögn um þingmál. Jafnframt þessu leita stofnanir landsins og fyrirtæki í mjög svo auknum mæli til Persónuverndar eftir almennri ráðgjöf um málefni tengd persónuvernd. Mörg þessara mála eru brýn og þarfnast skjótra svara.

Samkvæmt samþykktri rekstraráætlun Persónuverndar fyrir árið 2016 var gert ráð fyrir um 3,3 millj. kr. halla á rekstri stofnunarinnar. Var það m.a. tilkomið vegna ófyrirséðra fjárhagsskuldbindinga sem féllu á Persónuvernd við greiðslu biðlauna til fráfarandi forstjóra. **Nú liggur fyrir að niðurstaða ársins 2016 felur í sér enn frekari halla, þ.e. um 6 millj. kr. Ástæða þessa er, eins og fyrr hefur komið fram, framúrkeyrsla á launalið – enda hefur ekki fylgt nægilegt fjármagn þeim átta starfsmönnum sem hér hafa verið að störfum.**

**Staðan á rekstri Persónuverndar er því grafalvarleg. Ljóst er að sjaldan hafa verkefnin verið jafn stór og viðamikil og mikilvæg að umfangi. Þann 23. desember sl. höfðu stofnuninni borist 1815 ný mál fyrir árið 2016. Að sama skapi liggur fyrir að einungis þrír lögfræðingar eru burðarstoðin í því að sinna málefnum persónuverndar á Íslandi. Um tvo aðra nýliða er að ræða. Nú hefur komið í ljós að ekki virðist vera svigrúm til að ráða á ný áttunda starfsmann Persónuverndar, eftir að tímabundnum samningi sérfræðings var sagt upp í árslok.**

Forstjóri Persónuverndar óskar hér með eftir tafarlausum viðbrögðum frá ráðuneytinu vegna þessarar stöðu.

F.h. Persónuverndar,

Helga Þórisdóttir

Svava Björg Kristjánsdóttir

Fskj. 1: Bréf Persónuverndar til innanríkisráðuneytis, dags. 6. febrúar 2016.
Fskj. 2: Bréf Persónuverndar til innanríkisráðuneytis, dags. 22. október 2013.
Excel skjal: Útkomuspá og áætlun um stöðu eigin fjár Persónuverndar.

Fbkj. nr. 3

# Fjárþörf Persónuverndar vegna nýrrar ESB löggjafar um persónuvernd

**9. febrúar 2016**

1. **Efnistök**

   Hvaða breytingar verða á starfsemi Persónuverndar með tilkomu nýrrar evrópureglugerðar um persónuvernd og hverjir eru helstu áhrifavaldar breytinganna?
   - Gildissvið og hugtakanotkun útvíkkuð – eftirlitsheimildir einnig.
   - Aukið erlent samstarf með öðrum persónuverndarstofnunum.
   - Eftirlit með öryggi persónuupplýsingar og upplýsingatækni (IT) stóreykst.
   - Nauðsynlegt að breyta og styrkja starfsaðferðir og upplýsingakerfi (working methods and IT-systems).

   Hvaða markmiðum þarf stofnunin að ná?
   Hver er kostnaður stofnunarinnar af fyrrnefndum breytingum?

2. **Almennt um nýja ESB reglugerð um persónuvernd**

Við lok árs 2015 náðist samkomulag milli LIBE nefndarinnar (Evrópuþingið), COREPER (Evrópuráðið) og Framkvæmdastjórnar ESB um hinn svokallaða nýja ESB persónuverndarpakka. Pakkinn felur m.a. í sér texta nýrrar ESB reglugerðar um persónuvernd. Reglugerðin er nú á lokavinnslustigi og gert er ráð fyrir að endanlegur texti verði kynntur í mars/apríl 2016; textinn verði innleiddur í júní 2016 og taki gildi í Evrópu í júní 2018. Ísland mun verða skuldbundið til beinnar innleiðingar reglugerðarinnar í landsrétt á grundvelli EES-samningsins, eins fljótt og frekast er unnt.

**Grundvallarbreytingar á gildandi löggjöf um persónuvernd**: Reglugerðin mun breyta íslenskum persónuverndarlögum nr. 77/2000 í grundvallaratriðum og eftir atvikum annarri löggjöf, þar sem kveðið er á um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

**Tilgangur nýrrar löggjafar**: Tilgangur hinnar nýju reglugerðar er að uppfæra regluverkið í samræmi við tækniframfarir og aukna hnattvæðingu, styrkja persónuvernd á netinu og stuðla að vexti hins stafræna efnahagskerfis innan Evrópusambandsins. Nýju reglugerðinni er einnig ætlað að samræma reglur aðildarríkja EES, draga úr misræmi í framkvæmd, einfalda regluverkið og færa sjálfsákvörðunarrétt um vinnslu persónuupplýsinga nær einstaklingum.

**Aukin verkefni Persónuverndar**: Fyrirséð er að ný persónuverndarlöggjöf muni auka mjög verkefni Persónuverndar, enda liggur m.a. fyrir að einstaklingar muni geta snúið sér til persónuverndarstofnunar í sínu heimalandi óháð því í hvaða landi vinnsla persónuupplýsinga um þá fer fram, þ.e. svokölluð „one-stop shop" regla. Þá gætu fyrirtæki með starfsemi í fleiri en einu landi á EES-svæðinu ákveðið að leita einungis með mál sín til Persónuverndar á Íslandi – í anda sjónarmiðs um einfaldara regluverk.

**Í hverju felast breytingarnar:** Fyrir liggur m.a. að meiriháttar breytingar munu eiga sér stað hvað varðar skyldur ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga og réttindi einstaklinga til persónuverndar verða aukin til muna. Þá verður mikil aukning á tilkynningarskyldri- og leyfisskyldri vinnslu, þar sem m.a. verður kveðið á um skyldu til forskoðunar vinnslu (e. prior checking) og skyldu ábyrgðaraðila til að tilkynna um alla öryggisbresti sem eiga sér stað við vinnslu persónuupplýsinga. Einnig felst umfangsmikil breyting í ákvæðum reglugerðarinnar um s.k. persónuverndarfulltrúa, en reglugerðin gerir áskilnað um að stjórnvöld og viss fyrirtæki skipi sér sérstakan persónuverndarfulltrúa sem hefur eftirlit með að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt hjá fyrrnefndum aðilum.

**Auknar skyldur lagðar á fyrirtæki og stofnanir:** Eftirlit með því að meginreglum og skyldum, sem persónuverndarlög setja, sé fylgt innan fyrirtækja og stofnana reynist mörgum lögaðilum erfitt þar sem sérfræðiþekking á málaflokknum er af skornum skammti í atvinnulífinu og í stjórnsýslunni. Eitt megin markmið hinnar nýju reglugerðar er að ábyrgðaraðilar að vinnslu persónuupplýsinga, nálgist vinnslu persónuupplýsinga á kerfisbundnari hátt en gildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Skylda tiltekinna ábyrgðaraðila til þess að útnefna persónuverndarfulltrúa, skylda til að tryggja persónuvernd og öryggi frá upphafi hönnunar og/eða þróunar nýrra tækja og búnaðar auk skyldu til að tryggja að einstaklingar geti mótmælt tiltekinni vinnslu persónuupplýsinga um sig eru dæmi um slíkar kerfisbundnar aðferðir. Meiri áhersla er einnig lögð á viðskiptasiðferði og ábyrgð fyrirtækja/stofnana sem fela í sér aukna áhættu fyrir fyrirtæki sem vinna viðkvæmar persónuupplýsingar, persónuupplýsingar um starfsmenn eða ungt fólk og börn.

**Aukin fræðslu- og leiðbeiningarskylda Persónuverndar:** Persónuvernd finnur fyrir auknum áhuga fyrirtækja og stofnana á málefnum er tengjast persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga, sem leiðir m.a. af hinni nýju reglugerð. Þá eru fjölmiðlar áhugasamir um að kynna almenningi málefni persónuverndar. Þessi staða kallar á aukna áherslu á leiðbeinandi hlutverk Persónuverndar. Stofnunin mun þurfa að auka áherslu á leiðbeiningarskyldu sína og taka frumkvæði að því að kynna hið breytta lagaumhverfi fyrir ábyrgðaraðilum hérlendis.

Fyrir liggur hins vegar að helstu sérþekkingu á sviði persónuverndarmála er að finna hjá Persónuvernd – og þeirri þekkingu leitast aðilar á markaði nú eftir að ná. Persónuvernd þarf því að vera leiðandi í stefnumótun og þróun á sviði persónuréttar – sér í lagi þarf stofnunin að vera í fararbroddi með að kynna nýja löggjöf ESB um persónuvernd og því er nauðsynlegt að henni sé búið það svigrúm sem til þess þarf.

Breytt áhersla reglugerðarinnar á kerfisbundna nálgun ábyrgðaraðila þegar kemur að vinnslu og öryggi persónuupplýsinga felur einnig í sér að Persónuvernd þarf að endurskoða eigin starfsaðferðir, þá sérstaklega hvernig eftirliti stofnunarinnar er háttað. Fyrirtæki þurfa að haga starfsemi sinni á þann hátt að persónuvernd sé innbyggð í upplýsingakerfi og tæki/búnað þeirra frá upphafi og í því felst að starfsaðferðir Persónuverndar, þegar kemur að eftirliti með fyrrnefndum aðilum, mun verða ólíkt því eftirfarandi eftirliti sem stofnunin viðhefur í dag, sem felst almennt í uppkvaðningu úrskurða eftir að ágreiningur um vinnslu persónuupplýsinga rís. Eftirlit með nýrri kerfisbundinni nálgun ábyrgðaraðila mun því kalla á umfangsmeiri skjalfestingu hjá ábyrgðaraðilum sem að sama skapi krefst aukinnar hæfni, skjalfestingar og skráningar

verklagsreglna um eftirlit og framkvæmd þess sem og nýrra sniðmáta fyrir bréf og almenna málsmeðferð innan stofnunarinnar.

## 3. Upplýsingar vegna innleiðingar nýrrar reglugerðar á Norðurlöndum.

Persónuvernd hafa borist upplýsingar um það fjármagn, sem systurstofnanir hennar á Norðurlöndum hafa þegar aflað vegna nýrrar löggjafar í persónuverndarmálum, sjá töflu. Hér má sjá að öll fjögur löndin hafa þegar fengið úthlutað umtalsverðu fjármagni fyrir árið 2015, til að hefja undirbúning að innleiðingu reglugerðarinnar. Löndin eru síðan komin misvel á veg við að tryggja áframhaldandi fjármagn fyrir innleiðingu.

Tafla, samantekt send frá Finnlandi:

| **Year 2015** | **Sweden** | **Denmark** | **Norway** | **Finland** |
|---|---|---|---|---|
| Annual Budget | 4,7 milj. EUR | 2,9 milj EUR | 4,3 milj. EUR | 1,85 milj. EUR |
| Staff Members | 45 | 35 | 45 | 22 |
| Extra funding for the years 2016-2017 (EUR) | + 432 000 EUR/per year | None for the year 2016. In spring 2016 negotiations with the Ministry of Justice. | + 817 000 EUR/per year. | None for the year 2016 (requested 720 000 EUR). Negotiations with the Ministry of Justice for the year 2017. |

Þá skal jafnframt upplýst að vegna þeirrar sérþekkingar á persónuverndarmálum sem talin er nauðsynleg til að tryggja rétta innleiðingu á nýju löggjöfinni, sem og vegna sjónarmiða um sjálfstæði persónuverndarstofnana á EES, þá er innleiðingarvinnunni stýrt af viðkomandi persónuverndarstofnunum Norðurlandanna og hún framkvæmd af þeirra eigin starfsmönnum. Þannig er einn af helstu sérfræðingum norsku persónuverndarstofnunarinnar í fullu starfi frá 1. janúar sl. við að stýra norska innleiðingarferlinu. Aðrir reyndir starfsmenn norsku stofnunarinnar sinna innleiðingunni 1/3 hluta af starfi sínu. Nýjir starfsmenn sem ráðnir eru inn verða þannig látnir sinna auðveldari lögfræðistörfum og létta þannig á störfum reyndra starfsmanna svo þeir geti sinnt innleiðingarvinnu og sérfræðikunnátta þeirra geti þannig komið að sem mestu gagni.

Í þessu sambandi hefur auk framangreinds verið sérstaklega bent á að innleiðingarvinna reglugerðarinnar er flóknari en oft á við um innleiðingu á ESB löggjöf. Ástæður þessa eru að sömu eða sambærileg viðfangsefni er að finna á víð og dreif um reglugerðina – þannig er fjallað um skyld viðfangsefni í fleiri en einum kafla og því nauðsynlegt að hafa mikla og góða yfirsýn yfir málaflokkinn.

## 4. Fjárhagsleg áhrif breytinga fyrir Persónuvernd

Að mati Persónuverndar er fyrirsjáanlegt að hluti þeirra sjö löglærðu starfsmanna sem starfa hjá stofnuninni, ef ekki allir, munu vegna sérfræðikunnáttu sinnar, þurfa að koma að þessari

innleiðingarvinnu. Persónuvernd mun því þurfa að nota stóran hluta fjárheimilda sinna til að undirbúa innleiðingu á nýju reglugerðinni. Persónuvernd þarf að:

- Greina áhrif reglugerðarinnar á hagsmunaaðila, m.a. þá lögaðila sem vinna með persónuupplýsingar, þá einstaklinga hvers upplýsingar er unnið með sem og áhrif hennar á starfsemi Persónuverndar sjálfrar.
  - Upplýsa þarf ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga um þær breytingar sem viðkomandi stendur frammi fyrir og nýjar skyldur þeirra.
  - Upplýsa þarf almenning/einstaklinga um réttindi sem ný löggjöf kveður á um sem og hvaða upplýsingum almennings ber að veita sérstaka vernd.
- Greina og undirbúa breytingar sem verða á stjórnsýslulegri málsmeðferð stofnunarinnar.
- Fylgjast með og aðstoða lögaðila þegar kemur að beitingu nýrrar löggjafar, m.a. með leiðbeiningu og ráðgjöf.
- Aðstoða ráðuneytið með spurningar og verkefni er tengjast breytingum á lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og eftir atvikum öðrum lögum, í tengslum við innleiðingu evrópureglugerðarinnar sem falla í hlut ráðuneytisins.
- Gera þarf umfangsmiklar breytingar á heimasíðu Persónuverndar, bæði tæknilegar og efnislegar.
- Greina og þróa fyrirkomulag er lýtur að utanumhaldi um skipun sérstakra persónuverndarfulltrúa en gera má ráð fyrir umtalsverðri fjölgun þeirra á grundvelli reglugerðarinnar, sjá nánar hér á eftir.
- Kynna og fræða almenning og aðra hagsmunaaðila um yfirvofandi breytingar á réttindum þeirra og skyldum.
- Yfirfara framkvæmd eftirlits stofnunarinnar og útbúa ný sniðmát og verklagsreglur.
- Greina breytingar og sérsníða málaskrárkerfi Persónuverndar svo falli að breyttu hlutverki stofnunarinnar, víðtækara gildissviði reglugerðarinnar, auknu erlendu samstarfi og breyttum starfsaðferðum.
- Auka erlent samstarf í ljósi víðtækara gildissviðs nýrrar löggjafar. Undirbúa þarf slíka samvinnu með tillit til tæknilegra lausna sem og efnislegra.
- Greiða fyrir og skrásetja hæfnisviðmið og sérþekkingu annarra persónuverndarstofnana.
- Viðhalda, þjálfa og bæta við hæfu starfsfólki hjá Persónuvernd.

Ljóst er að núgildandi fjárheimildir og starfsmannafjöldi dugar ekki til þess að stofnunin geti bæði sinnt núgildandi verkefnum svo vel sé sem og greint áhrif þeirra breytinga og síðan unnið þær breytingar sem ný reglugerð hefur í för með sér. Minnt er á að starfsmannafjöldi stofnunarinnar hefur verið í lágmarki undanfarin misseri þrátt fyrir sífellda aukningu í málafjölda og þeim verkefnum sem Persónuvernd eru falin með lögum. Svo unnt sé að hefja greiningu og undirbúning nýrrar reglugerðar er ljóst að bæta þarf í starfsmannafjölda þegar á árinu 2016.

## 4.1 Skrifstofu- / starfsmannakostnaður / kostnaður við þjálfun nýrra starfsmanna

| 2017: | Án vsk. | Með vsk. | mismunur |
|---|---|---|---|
| • Bæta við 3 sérfræðingum í full stöðugildi, | IKR | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| þetta felur í sér kostnað vegna alls almenns skrifstofubúnaðar, tölvu- og annarra raftækja, skrifstofuhúsgagna, leyfisgjalda til tölvuþjónustuaðila. Ráða þyrfti a.m.k. einn þessara sérfræðinga þegar árið 2016.<br>• Styrkja þarf mannauð Persónuverndar almennt svo almennt eftirlit og starfsemi haldist gangandi<br>• Þörf er á að einn reyndur sérfræðingar í fullu starfi einbeiti sér eingöngu að greiningu á breytingum sem hin nýja reglugerð hefur í för með sér - annars vegar efnislegum breytingum og hins vegar þeim sem hún hefur í för með sér fyrir starfsemi stofnunarinnar og innri málefni. Þetta felur einnig í sér verkefnastjórnun og yfirsýn yfir innleiðingu. | 36.000.000 | | |
| 2017 | | | |
| Gert er ráð fyrir að endanlegt mat á fjárhagslegum- og stjórnskipulegum áhrifum reglugerðarinnar liggi fyrir árið 2017. Gera má ráð fyrir að Persónuvernd þurfi aukið fjárframlag vegna innleiðingarinnar í fjögur ár, þ.e. fjárlagaárin 2017 til og með 2020. Þessi fjögurra ára rammi skiptist þannig: 2 ár til að tryggja að lagaleg og tæknileg verkefni gangi eftir (þ.e. eftirlit, verkefnastjórnun, fræðsla- og kynningarstarf) og síðan taki við 2 ár tengd "privacy ombudsman scheme". Skrifstofukostnaður mun aukast vegna aukinnar mannaflaþarfar. | | | |

### 4.2 Aðgerðir er tengjast upplýsingatækni

Málaskrárkerfi Persónuverndar er ófullnægjandi að mörgu leyti og hefur verið svo undanfarin misseri. Því má gera ráð fyrir að ekki verði unnt að aðlaga núgilandi málaskrárkerfi stofnunarinnar að nýju lagaumhverfi og þeim kröfur sem gerðar eru til erlends samstarfs, m.a. til skráningar og birtingar tiltekinna upplýsinga sem ber að opinbera sem og taka á móti tilkynningum um öryggisbresti.

Það má því gera ráð fyrir að nauðsynlegt verði að hanna og taka í notkun ný upplýsingakerfi sem samræmast kröfum nýrrar reglugerðar. Í þessu sambandi þarf Persónuvernd m.a. einnig að taka í notkun rafræn samskipti við borgarana svo samrýmist kröfum stafvæðingar (e. digitization).

Nýtt upplýsingakerfi verður hins vegar að sækja ýmsar upplýsingar úr eldri málaskrárkerfum Persónuverndar og því ljóst að þessa breyting mun kalla á umfangsmikla forritunarvinnu.

Mat á kostnaði vegna nýs upplýsingatæknikerfis þarfnast sérstakrar skoðunar við á árinu 2016. Svo dæmi sé nefnt hefur Noregur áætlað um 5 millj NKR vegna forritunar og upplýsingatæknivinnslu fyrir árið 2016, einungis vegna nýju reglugerðarinnar.

| 2017 | Án vsk. | Með vsk. | mismunur |
|---|---|---|---|
| • Þróa og samþætta málaskrárkerfi svo það samrýmist kröfum reglugerðarinnar um birtingu tiltekinna persónuupplýsinga og skyldu til að taka á móti tilkynningum á öryggisbrestum. Slíkt upplýsinga- og málaskrárkerfi verður að samrýmast stafrænni þróun sem á sér stað í samfélaginu og vera háð ströngum öryggiskröfum. | IKR 7.500.000 | | |
| 2018<br>• Kostnaður af rekstri nýs upplýsinga- og málaskrárkerfis er áætlaður 10% af upprunlegum heildarkostnaði.<br>Uppsetning og aðlögun nýs kerfis verður að fara fram eigi síðar en á árinu 2017 og þarf að vera tilbúið og komið í notkun í síðasta lagi fyrir áramót 2017. | IKR 750.000 | | |

### 4.3 Kynningarstarfsemi og ráðgjöf

Í fyrsta lagi, þá mun Persónuvernd forgangsraða kynningu til ábyrgðaraðila sem vinna persónuupplýsingar, þar sem þeir munu þurfa að fást við algjörlega nýja lagalega stöðu og nýjar mikilvægar skuldbindingar fyrir sín fyrirtæki. Það er einnig mikilvægt að fyrirtæki séu upplýst um stöðu sína þegar þeir sem hafa til þess rétt, leita til þeirra með persónuverndarspurningar, þ.e. um rétt og skyldur fyrirtækja á þessu sviði. Í öðru lagi þá fyrirhugar Persónuvernd að kynna nýjar reglur fyrir almenningi, til að byrja með, með kennslu- og eða kynningarefni á vefnum og með því að vekja athygli fjölmiðla á þeim. Persónuvernd þarf að vera viðbúin því að óskað verði eftir mikilli beinni ráðgjöf og leiðbeiningum. Persónuvernd mun því þurfa að styrkja mannauðinn hvað viðkemur upplýsingagjöf og fræðslu um einn starfsmann. Vinna þarf að kynningarefni fyrir alla hagsmunaaðila.

| 2017 | |
|---|---|
| • Vinna við þróun, samningu, prentun leiðbeininga fyrir ábyrgðaraðila, sérstaklega í formi stafræns efnis á netinu, t.d. til niðurhals. | IKR 5.000.000 |
| • Upplýsingaherferðir fyrir almenning til upplýsinga um ný réttindi þeirra og kynningarefni almennt. | IKR |

| | |
|---|---|
| • Eitt fullt stöðugildi sem styrkir mannauð Persónuverndar og ætlað er að vera hluti af leiðbeiningar- og kynningarstarfi Persónuverndar. | 4.500.000<br><br>IKR<br>12.000.000 |

## 4.4 Persónuverndarfulltrúar

Í lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er ekki að finna skyldu til að útnefna s.k. persónuverndarfulltrúa hjá fyrirtækjum eða stofnunum sem vinna með persónuupplýsingar. Samkvæmt reglugerðinni þurfa öll stjórnvöld að tilnefna persónuverndarfulltrúa auk fyrirtækja, ef þau hafa fleiri en 250 starfsmenn eða ef vinnsla persónuupplýsinga telst hluti af kjarnastarfsemi þeirra með tilliti til eðlis upplýsinga, tilgangi vinnslunnar, eða ef vinnsla felst í kerfisbundnu eftirliti með einstaklingum.

Sem dæmi má nefna að í norskum og sænskum lögum hefur ákvæði um útnefningu persónuverndarfulltrúa verið valkvætt. Í Noregi voru á árinu 2014 skráðir 218 persónuverndarfulltrúar hjá 420 fyrirtækjum.

Þessi nýja krafa felur í sér mikla breytingu á starfsemi Persónuverndar vegna aukinnar ráðgjafar og samskipta stofnunarinnar við slíka fulltrúa, en þá ráðgjöf má áætla mjög umfangsmikla enda eru fáir sérfræðingar til staðar hérlendis sem telja má búa yfir þeirri sérfræðiþekkingu á sviði persónuréttar sem reglugerðin gerir kröfu um.

Þá má gera ráð fyrir að Persónuvernd verði falið að útbúa kennsluefni og annast námskeiðahald fyrir verðandi persónuverndarfulltrúa, en slík kennsla er á hendi norsku og sænsku persónuverndarstofnananna nú. Ef af slíkri kennslu verður má gera ráð fyrir að heilt stöðugildi, reynds sérfræðings, þurfi í slíka vinnslu og hefja þarf undirbúning sem allra fyrst í ljósi þess hve sértæk persónuverndarlöggjöfin er. Setja þarf á fót sérstakan tengilið hjá Persónuvernd sem sér um samskipti við þessa fulltrúa og kennslu eða námskeið fyrir þá er unnt að halda í samstarfi við aðra hagsmunaaðila eins og háskóla og/eða endurmenntunarstofnanir.

Þegar hin nýja reglugerð tekur gildi má búast við að eftirspurn eftir ráðgjöf og leiðbeiningu, frá þeim fyrirtækjum sem eru skyldug til að útnefna persónuverndarfulltrúa, frá Persónuvernd, verði mjög mikil og frá einstökum persónuverndarfulltrúum sjálfum. Persónuvernd mun þurfa að huga sérstaklega að því að þjónusta fyrrnefnda aðila.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd þörf á einu nýju stöðugildi í tengslum við undirbúning og þjónustu við persónuverndarfulltrúa fyrirtækja og stofnana. Á innleiðingartímabili reglugerðarinnar (2016-2018) er þörf á einum sérfræðingi sem annast undirbúning ráðgjafar og kennsluefnis fyrir persónuverndarfulltrúana og mögulega þarf að bæta við starfsmanni að þeim tíma loknum til að bregðast við auknum málafjölda vegna þessa fyrirkomulags.

| 2016 | | Án vsk | Með vsk |
|---|---|---|---|
| | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • Á tveggja ára innleiðingartímabili reglugerðarinnar (2016-2018) er þörf á einum sérfræðingi í fullu starfi til að þróa fyrirkomulag vegna skipunar persónuverndarfulltrúa, m.a. samskipti við þá, ráðgjöf til þeirra og námskeiðahald sem tryggir þjálfun þeirra og hæfni.<br>• Eitt stöðugildi sérfræðings í fullu starfi sem bætir upp fyrir þann tíma sem ráðstafa þarf í utanumhald og þróun fyrirkomulagsins.<br>• Þróa þarf CRM-kerfi sem heldur utan um samskipti við persónuverndarfulltrúa. | IKR 12.000.000<br><br>ISK 3.000.000 | | |

5. **Niðurlag**

Samkvæmt mannaaflaþörf Persónuverndar sem unnin var og send ráðuneytinu á árinu 2013, þá liggur fyrir að til þess að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu miðað við núgildandi lagaumhverfi og þá um 90 lagabálka sem vísað er til í um persónuvernd, þyrfti Persónuvernd að hafa að störfum starfsfólk í 13 stöðugildum. Í dag eru starfsmenn sjö talsins, forstjóri meðtalinn. Þá er ráðuneytinu kunnugt um að undanfarin ár hefur ekki verið unnt að ganga til brýnna lögbundinna verkefna Persónuverndar, m.a. til að sinna nauðsynlegu eftirlit og frumkvæðisskyldu. Eru þetta verkefni að upphæð um 15 millj. kr.

Þær áskoranir sem nú eru uppi vegna nýrrar ESB löggjafar um persónuvernd þarf að skoða í samhengi við gildandi skuldbindingar og núverandi fjárþörf stofnunarinnar - svo Persónuvernd geti staðið skyldu sína í framvarðasveit verndar persónuupplýsinga á tækniöld.

**Heildar aukafjárþörf Persónuverndar fyrir árið 2017, með vísan til framangreinds, fyrir utan hefðbundinn rekstur, sbr. fjárlög fyrir árið 2016 - nemur 95.000.000 kr.** Í því felst m.a. ráðning fimm nýrra sérfræðinga í full stöðugildi. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna uppfærslu upplýsingakerfis vegna nýrrar löggjafar, sem áætlaður er 7.5 millj. kr., sé mjög svo varlega áætlaður og geti hækkað.

F.h. Persónuverndar,

Helga Þórisdóttir

~~Fskj. nr. 2~~ Tskj. 4

Persónuvernd

# Greinargerð
## um fjármál Persónuverndar

*Greinargerð þessari er ætlað að veita yfirsýn yfir þau verkefni sem Persónuvernd eru falin í settum réttarreglum og þann mannafla sem þarf til að rækja þau. Að auki eru í greinargerðinni teknar saman upplýsingar annars vegar um kostnað við rekstur stofnunarinnar og þróun fjárheimilda hennar og hins vegar um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að bregðast við þeirri þróun.*

### I. Verkefni Persónuverndar

Persónuvernd var stofnuð með lögum nr. 77/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Lögin eru sett á grundvelli EES-gerðar um persónuvernd og er sams konar sjálfstæð stofnun starfandi í sérhverju hinna EES-ríkjanna.

Í lögunum eru tiltekin helstu verkefnin sem stofnuninni ber að sinna, sbr. 37. gr., en veigamest þeirra eru:

1. að annast *eftirlit* með að farið sé að lögum um meðferð persónuupplýsinga,
2. að *úrskurða* í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga,
3. að afgreiða *leyfisumsóknir,* taka við *tilkynningum* og mæla fyrir um ráðstafanir varðandi vinnslu persónuupplýsinga og
4. að fylgjast með *þróun persónuupplýsingaverndar* á innlendum og erlendum vettvangi, greina hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar.

Stofnuninni eru falin margvísleg önnur verkefni í lögunum, svo sem að setja reglur um nánar tilteknar tegundir vinnslu persónuupplýsinga, veita ábyrgðaraðilum og almenningi leiðbeiningar og fræðslu og veita umsagnir við setningu laga og stjórnvaldsreglna.

Þá eru stofnuninni falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd í á annað hundrað annarra laga og stjórnvaldsreglna.

### II. Mannaflaþörf vegna lögbundinna verkefna

Greiningu á núverandi mannaflaþörf vegna framangreindra lögboðinna verkefna stofnunarinnar er að finna í fskj. 1. Greiningin er tvíþætt, þ.e. hvern megi telja hæfilegan fjölda stöðugilda til að sinna viðkomandi verkefnum í samræmi við viðkomandi lagafyrirmæli og hver sé lágmarksfjöldi þeirra stöðugilda sem til þurfi til að telja megi að helstu verkefnum sé sinnt að einhverju leyti.

Niðurstöður greiningarinnar eru þær:

- að til þess að Persónuvernd fái sinnt allflestum lögboðnum verkefnum sínum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í viðkomandi lagafyrirmælum þurfi stofnunin að búa að starfsfólki í alls 13 stöðugildum, þ.e. forstjóra, skrifstofustjóra, fjármálastjóra, móttökuritara og níu sérfræðinga, þ.e. sex lögfræðinga og þrjá sérfræðinga á sviði upplýsingaöryggis.
- að til þess að stofnunin fái sinnt allflestum af helstu lögbundnu verkefnum sínum að einhverju leyti þurfi stofnunin að búa að starfsfólki í alls *átta stöðugildum*, þ.e. forstjóra, skrifstofustjóra/fjármálastjóra og sex sérfræðinga, þ.e. fimm lögfræðinga og einn sérfræðing á sviði upplýsingaöryggis.

## III. Þróun fjárheimilda, starfsmannafjölda og umfangs verkefna

Með frumvarpi að lögum um persónuvernd, sem útbýtt var á þingi í desember 1999, fylgdi hefðbundin umsögn fjárlagaskrifstofu. Umsögnin gerði ráð fyrir að starfsmenn stofnunarinnar yrðu átta talsins og árlegt framlag úr ríkissjóði næmi um 82,3 m.kr. (42,5 m.kr. á þáverandi verðlagi). Slíkar umsagnir innihalda á tíðum hóflegar áætlanir og marka oftar en ekki upphaf að vexti viðkomandi ríkisstofnana eftir því sem verkefni bætast við með nýjum og breyttum lögum.

Slíkt á ekki við í tilviki Persónuverndar.

Á síðastliðnum tíu árum hafa fjárheimildir stofnunarinnar dregist jafnt og þétt saman, um alls þriðjung á föstu verðlagi, úr 93,4 m.kr. árið 2003 í 60.m.kr. á yfirstandandi ári:



Yfir sama tímabil hefur fjölda mála sem Persónuvernd hefur borist vaxið hröðum skrefum. Á öllu árinu 2003 nam málafjöldi alls 627 en á liðnu ári hafði stofnunin til meðferðar 1.489 mál, þar af 544 vegna tilkynninga. Í ár stefnir í að stofnunin taki liðlega 1.600 ný mál til meðferðar:




Árið 2009 var skráningu mála breytt þannig að nú er greint milli mála vegna tilkynninga og annarra mála. Frá þeim tíma hefur óafgreiddum málum í upphafi hvers árs fjölgað jafnt og þétt og stefnir í að í upphafi næsta árs verði þau yfir 300 talsins, eða tvöfalt fleiri en í ársbyrjun 2009:




Þá hefur starfsmönnum fækkað á sama tímabili úr því að hafa verið alls 11 árið 2007 í að vera nú fimm (þar af eru einungis tveir í fullu starfi), en þar af eru þrír sérfræðingar:




## IV. Viðbrögð við þróun fjárheimilda

Persónuvernd hefur brugðist við samfelldum samdrætti í fjárheimildum á undanförnum áratug með því að reyna að sinna einhverju af sem flestum af sínum lögbundnu verkefnum samhliða því að hagræða í rekstrinum og leita viðbótarfjárstuðnings hverju sinni fyrir atbeina rn. Þegar komið var fram á síðustu ár var þetta þanþol þrotið og hefur því stofnunin neyðst til að leggja af hvert af lögbundnum verkefnum sínum á fætur öðru á undanförnum misserum. Þá mun stofnunin hafa orðið fyrir því að á árinu 2011 var felldur niður stór hluti af tekjuafgangi frá fyrri árum og ekki mun hafa orðið úr væntri leiðréttingu á árinu 2012, sbr. greinargerð til rn. 7. mars 2013. Í greinargerðinni var rn. upplýst um að Persónuvernd gæti ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu og bent á að einkum væri fyrirséð að lögboðnu eftirliti hennar á ýmsum sviðum yrði ábótavant og að við þessar aðstæður orki tvímælis að Ísland fullnægi skuldbindingum sínum samkvæmt EES samningnum, sbr. fyrrnefnda persónuverndartilskipun.

Í upphafi yfirstandandi árs var svo komið að væntur halli á rekstrarárinu stefndi í að verða sem nam 20% af fjárheimildum stofnunarinnar, auk þess sem yfirfærður halli frá síðasta ári nam yfir 10% af fjárheimildum hennar. Við þessar neyðaraðstæður greip skipaður forstjóri til þess neyðarbrauðs til að ná endum saman að segja upp einum af fimm starfandi lögfræðingum stofnunarinnar og gera samninga um vistaskipti sín og eins af þeim fjórum lögfræðingum sem þá voru enn við störf.

Þegar undirritaður var settur forstjóri stofnunarinnar, í apríl sl., gerðu stofnunin og rn. með sér samkomulag um að rn. myndi jafna yfirfærðan halla frá fyrra ári af ráðstöfunarfé sínu gegn því að hver sú aukafjárveiting sem stofnunin kynni að fá á rekstrarárinu yrði varið til að endurgreiða rn., auk þess sem enn yrði skorið niður í rekstrinum til þess að rekstrinum yrði skilað hallalausum á yfirstandandi ári. Í kjölfarið var ráðist í víðtækan skammtíma niðurskurð í rekstrinum til að ná

framangreindu markmiði. Má þar einkum nefna:

- Ekki ráðið í stað eins af þremur lögfræðingum sem þá voru eftir við störf þegar hann hélt í fæðingarorlof og samið við lögfræðing, sem kom úr fæðingarorlofi í haust, um skert starfshlutfall. Við þetta voru stöðugildi sérfræðinga við störf hjá stofnuninni komin úr 5,0 í upphafi árs í 2,8 nú. Þá er undirritaður einungis í 60% starfi sem settur forstjóri og eini almenni starfsmaður skrifstofunnar, sem gegnir störfum skrifstofustjóra, móttökuritara og fjármálastjóra, auk þess að sinna símsvörun, er einnig í hlutastarfi.
- Í ljósi manneklu var verkefnum stofnunarinnar forgangsraðað og einungis brýnustu verkefnum sinnt en öll önnur verkefni aflögð. Þar með var t.d. öllu eftirliti af hálfu stofnunarinnar endanlega hætt, látið af öllu erlendu samstarfi, öllu kynningar- og fræðslustarfi hætt og allt starf að frumkvæðismálum lagt af. Eftir stendur að einungis einu hlutverki stofnunarinnar er nú sinnt og það einungis að hluta en það er að bregðast við innsendum erindum, einkum kvörtunum yfir vinnslu persónuupplýsinga og umsóknum um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.
- Að auki voru nær allir þættir í fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar, utan húsaleigu og mánaðargjöld af tölvubúnaði, lagðir niður. T.d. var útgáfu ársskýrslu frestað til ársins 2014, hætt var við fyrirhugaða endurnýjun tölvumiðlara stofnunarinnar, en hann er kominn á tíma, hætt við alla fyrirhugaða viðgerðar- og viðhaldsvinnu og brugðist við bilunum á búnaði með því að skipta honum út fyrir búnað sem stendur ónýttur eftir starfsmenn sem hafa verið fluttir til vistaskiptum eða verið sagt upp störfum, framlag til starfsmannasjóðs var skorið niður um helming, látið af öllum kaupum á sérfræðiþjónustu, hætt við lagfæringar á símakerfi og öll innkaup á skrifstofuvörum hætt miðað við að birgðir muni verða uppurnar við lok fjárlagaársins. Þá var öllum bókakaupum frestað til næsta árs, nær öllum áskriftum blaða og tímarita sagt upp tímabundið og þjónustu Landskerfis bóksafna frestað fram yfir áramót en Persónuvernd býr að eina sérfræðibóksafni landsins á sviði réttarreglna um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Allar þessar skammtímaaðgerðir og fleiri til hafa borið þann árangur að miðað við 9 mánaða uppgjör stofnunarinnar stefnir í að umsamin markmið muni nást og rekstri stofnunarinnar á árinu verði skilað með liðlega 1% afgangi.

Gripið var til framangreindra tímabundinna aðgerða á þeirri afdráttarlausu forsendu að fjárheimildir stofnunarinnar yrðu hækkaðar á komandi fjárlagaári til þess að geta staðið undir því að aftur yrði tekin upp vinna við a.m.k. helstu lögboðnu verkefni stofnunarinnar. Var það skilningur undirritaðs að rn. hygðist vinna slíkri breytingu á fjárheimildum stofnunarinnar forgöngu í fjárlagavinnu ársins. Í frumvarpi til fjárlaga, sem nú liggur fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir að fjárheimildir verði óbreyttar frá fyrra ári.

## IV. Niðurstaða

Augljóst er að fyrirhuguð fjárheimild nægir engan veginn til að standa undir jafnvel þeim takmörkuðu verkefnum sem Persónuvernd hefur sinnt á yfirstandandi ári. Af framangreindu verður ráðið að uppsöfnuð fjárþörf vegna aðfanga, viðgerða, uppfærslna á búnaði og reglubundinna funda með erlendum systurstofnunum – vegna fyrirhugaðra breytinga á lagaumhverfi persónuverndarstofnana – er umtalsverð og við það bætist að við lok setningartíma undirritaðs kemur á ný til starfa forstjóri í fullt starfshlutfall.

Fyrirliggjandi frumvarp til fjárlaga gerir ráð fyrir að Persónuvernd verði lagðar til liðlega **60 m.kr.** á næsta ári. Í því samhengi er rétt að banda á nokkrar fyrirsjáanlegar stærðir úr rekstrinum:

- Laun og launatengd gjöld vegna forstjóra nema tæplega 1 m.kr. á mánuði, þ.e. tæplega **12 m.kr.** á ári.
- Stofnunin býr að lágri húsaleigu en heildar húsnæðiskostnaður á næsta ári verður fyrirsjáanlega ríflega **6 m.kr.**
- Kostnaður vegna kaupa á rekstrarvörum og aðkeyptri þjónustu, ferða og funda er áætlaður um **10 m.kr.**
- Þóknun stjórnar, sem ákveðin er af rn. án aðkomu stofnunarinnar, nemur liðlega **5 m.kr.**
- Laun og launatengd gjöld eina almenna starfsmanns stofnunarinnar mun nema alls tæplega **6 m.kr.**

Samtals nemur þessi áætlaði kostnaður tæplega **40 m.kr.** Heildarkostnaður vegna hvers sérfræðings nemur að meðaltali rúmlega 8 m.kr. Af fjárheimild skv. frumvarpinu stendur því eftir nægt fé til að halda sérfræðingum í **2,5 stöðugildum**. Eins og rakið er hér að framan þarf að lágmarki **6 stöðugildi** sérfræðinga til þess að stofnunin geti sinnt flestum lögboðnum hlutverkum sínum að einhverju marki og **9 stöðugildi** svo að þeim verkefnum verði sinnt með ásættanlegum hætti.

Verði fjárlög afgreidd með óbreyttu framlagi til Persónuverndar frá fyrirliggjandi frumvarpi mun stofnunin ekki lengur halda í við að sinna því eina lögbundna hlutverki sem hún enn sinnir, þ.e. að bregðast við innsendum erindum. Þar með mun starfsemi stofnunarinnar leggjast af í núverandi mynd.

*Í Persónuvernd, 22. október 2013*
*Hörður Helgi Helgason, settur forstjóri*

# Greining á mannaflaþörf

## Fylgiskjal 1 við greinargerð um fjármál Persónuverndar

*Fylgiskjal þetta inniheldur greiningu á þörf Persónuverndar á mannafla til að geta innt af hendi lögboðin verkefni stofnunarinnar. Hún var unnin af settum forstjóra Persónuverndar á tímabilinu apríl til október 2013.*

Í skjali þessu er leitast við að tilgreina öll þau lagaákvæði og ákvæði reglugerða að gildandi rétti þar sem vísað er til Persónuverndar eða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og innihalda töflurnar hér að neðan annars vegar umrædd lagaákvæði (hluti I) og hins vegar umrædd reglugerðarákvæði (hluti II), hvor tveggja í aldursröð. Við umfjöllun um þau ákvæðanna sem talin eru fela Persónuvernd verkefni er annars vegar tilgreint lauslega hver þau verkefni eru og settar fram vísbendingar um forsendur mats á því hver sé þörf á mannafla til að inna þau af hendi. Þar fyrir aftan eru settar fram þríþættar tölulegar upplýsingar (allar í mann-dögum, þ.e. fjölda heilla vinnudaga hjá einum sérfræðingi):

- Upplýsingar um hve búast megi við að verkefninu verði sinnt að miklu leyti á yfirstandandi ári („Sinnt, nú"),
- hver sé metin alger lágmarksþörf til að halda megi fram að verkefninu sé sinnt að einhverju leyti („Þörf, lágm.") og
- hver sé þörf fyrir mannafla til að sinna verkefninu með ásættanlegum hætti („Þörf, meðal").

Niðurstöður greiningarinnar eru eftirtaldar:

- Verk unnin af sérfræðingum stofnunarinnar á yfirstandandi ári eru áætluð nema um 3,4 stöðugildum (3,23 til að sinna skyldum skv. lögum og að auki 0,21 til að sinna skyldum sem mælt er fyrir í reglugerðum).
- Mannaflaþörf vegna lögboðinna verkefna nemur 7,6 stöðugildum sérfræðinga (7,21 vegna laga og 0,40 að auki vegna reglugerða), ef einungis er stefnt að því að stofnunin sinni lögboðnum verkefnum sínum einungis að einhverju leyti, þ.e. að algeru lágmarki.
- Mannaflaþörf vegna lögboðinna verkefna nemur 11,9 stöðugildum sérfræðinga (11,06 vegna laga og 0,84 að auki vegna reglugerða), ef einungis er stefnt að því að sinna hinum lögboðnu verkefnum með ásættanlegum hætti.

Eftirtaldir eru helstu þekktu veikleikar greiningarinnar:

1. Byggt er á raunupplýsingum, um hvernig núverandi vinnuframlag skiptist, sem eru að ákveðnu leyti takmarkaðar, þar sem upplýsingakerfi

stofnunarinnar geyma ekki nákvæmar upplýsingar þar að lútandi, enda nokkuð komin til ára sinna.

2. Mat á mannaflaþörf til að inna af hendi verkefni sem ekki eru unnin nú þegar – og hafa jafnvel aldrei verið unnin – er háð augljósri aukinni óvissu.
3. Þrátt fyrir að Persónuvernd hafi þegar einfaldað málsmeðferð sína töluvert og stytt þann tíma sem unnin verk taka má ætla að enn frekari hagræðing gæti náðst, einkum við framkvæmd verka sem stofnunin sinnir ekki nú þegar.
4. Einhver ákvæði settra réttarregIna eru ótalin í greiningunni, sem kann að leiða til þess að mannaflaþörfin sé vanáætluð. T.d. voru einungis rýndar 34 af þeim 53 reglugerðum þar sem fjallað er um stofnunina eða vísað er til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
5. Mannaflaþörfin gerir einungis ráð fyrir að núverandi fjöldi verkefna og mála haldist óbreyttur frá því sem stefnir í á yfirstandandi ári.

Þykir mega meta óvissu af framangreindum þáttum til allt að 20% fráviks frá framangreindum niðurstöðum, til hækkunar eða lækkunar. Því mætti gera ráð fyrir að í stað 7,6 („Þörf, lágm.") og 11,9 („Þörf, meðal") stöðugilda, þá myndi mannaflaþörf Persónuverndar til að sinna lögboðnum verkefnum í allra besta falli nema um <u>6 („Þörf, lágm.") eða 9 („Þörf, meðal") **stöðugildum sérfræðinga**</u>.

## I. Ákvæði í settum lögum

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | | | | | | | | |
| | 77/2000 | Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga | 6. gr. 1. mgr. | [Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]1) eða í landi eða á stöðum <u>sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.</u>2) 1)L. 72/2003, 5. gr. 2)Augl. 228/2010. | Uppfæra augl. um flutning persónuupplýsinga til annarra landa. (sjá einnig 2. mgr. 29. gr.) | 0 | 0 | 1 |
| | | | 8. gr. 3. mgr. | [<u>Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga</u> í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.]1) 1)L. 90/2001, 3. gr. 2)L. 46/2003, 3. gr. | Útgáfa leyfa til meðferðar almennra persónuupplýsinga. | 0 | 0 | 1 |
| | | | 9. gr. 2. mgr. | [Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við | Taka ákvarðana um frekari vinnslu efnis sem verður til við rafræna vöktun. | 0 | 0 | 1 |

 

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:<br>1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;<br>2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða **samkvæmt ákvörðun Persónuverndar;** heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;<br>3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.]2) | | | | |
| | | | 9. gr. 3. mgr., 37. gr., 3. mgr. 1. tl. | **Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga** í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]2) telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu. | Útgáfa leyfa til meðferðar viðkvæmra persónuupplýsinga. Telja líðlega 100 á ári, meðalvinnslutími nú má hóflega áætla 2,5 manndagar pr. útgefið leyfi. Æskilegt að bæta við 0,5-1 degi til samanburðar við eldri leyfi, þróunar skilyrða og ítarlegri gagnaöflunar. (sjá einnig 34. og 35. gr.) Hins vegar er gert ráð fyrir að endurbætur á reglum PV um leyfisskyldu muni draga úr leyfisútgáfu um allt að 30%. | 250 | 168 | 218 |
| | | | 9. gr. 4. mgr. | **Persónuvernd setur**, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, **reglur3) um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknum** og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað. | Setja reglur um val á fólki til þátttöku í vísindarannsóknum. | 0 | 0 | 0 |
| | | | 9. gr. 5. mgr. | **Persónuvernd leysir úr ágreiningi** um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki. | Úrskurða í ágreiningsmálum um hvort persónuupplýsingar séu viðkvæmar eður el. | 2 | 5 | 5 |
| | | | 10. gr. | Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. **Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.** | Útgáfa banns eða fyrirmæla við/um notkun kennitölu. Æskilegt væri að Persónuvernd gæti markað stefnu varðandi notkun kt., kynnt hana og framfylgt. | 0 | 5 | 15 |
| | | | 11. gr. 3. mgr. | Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, **reglur1) og fyrirmæli Persónuverndar** um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt. | Viðhalda reglum um öryggi persónuupplýsinga, einkum m.t.t. ISO/IEC 27001. | 0 | 10 | 20 |
| | | | 11. gr. 4. mgr. | Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd **hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði** hvenær sem hún óskar.]2) | Framkvæma tilvikabundnar skráarskoðanir (desktop review) sem taka til skjölunar öryggiskerfa. | 0 | 20 | 40 |
| | | | 12. gr. 3. mgr. | Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. **Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim** hvenær | Framkvæma tilvikabundnar skráarskoðanir (desktop review) sem taka til skjölunar og framkvæmdar innra eftirlits. | 0 | 10 | 20 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | sem er. | | | | |
| | | | 12. gr. 4. mgr. | **Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæl1) um framkvæmd innra eftirlits** og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.]2) | Viðhalda ákvæðum um innra eftirlit í reglum um öryggi persónuupplýsinga. | 0 | 5 | 5 |
| | | | 13. gr. 4. mgr. | Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, *sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í* samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. **Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu1) í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði** sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.]2) | Viðhalda ákvæðum um stöðluð *samningsákvæði í augl. um flutning* persónuupplýsinga til annarra landa. (sjá einnig 2. mgr. 30. gr.) | 0 | 2 | 4 |
| | | | 17. gr. | **Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um** í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.Skráin skal vera **aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður**. | Vinna úr og bregðast við tilkynningum, viðhald tilkynningarkerfis, svör við fyrirspurnum. Samtals er hverri tilkynningu sinnt nú um 1 klst. að meðaltali. Æskilegt væri að verja 0,5-1 klst. að meðaltali til viðbótar í eftirfylgni. (sjá einnig 31-32. gr.) | 50 | 50 | 75 |
| | | | 19. gr. 6. mgr. | **Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar** hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir. | Setja skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða. | 0 | 3 | 7 |
| | | | 23. gr. | Þegar persónusnið sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:<br>1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða<br>2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv.,<br>**getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart** og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.<br>Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast. | Útgáfa fyrirmæla til ábyrgðaraðila um að gera hinum skráða viðvart um gerð persónusniða. | 0 | 3 | 10 |
| | | | 25. gr. 2. mgr. | Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga **getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna**. | Banna notkun rangra upplýsinga sem ólögmætt er að eyða/breyta. | 0 | 0 | 1 |
| | | | 26. gr. | **Persónuvernd getur**, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra regina, **bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra**. | Banna notkun upplýsinga á grundvelli heildstæðs hagsmunamats. | 0 | 0 | 1 |
| | | | 28. gr. 2. mgr. | *[[Þjóðskrá Íslands]1) skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að* nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. [Ráðherra]3) setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur4) um gerð og | *Útgáfa undanþága frá skyldu til að samkeyra* markaðssóknarskrár við bannskrá Þjóðskrár. | 0 | 0 | 1 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | **notkun slíkrar skrár** og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.]2) Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár Íslands]1) til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. **Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum**. | | | | |
| | | | 28. gr. 7. mgr. | Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. **Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir** slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.]6) 6)L. 90/2001, 8. gr. | Útgáfa undanþága vegna vísindarannsókna frá skyldu til að samkeyra markaðssóknarskrár við bannskrá Þjóðskrár. | 0 | 0 | 1 |
| | | | 29. gr. 2. mgr. | Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði **sem Persónuvernd auglýsir1) í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.**]2) 1)Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. Augl. 228/2010, sbr. augl. 108/2012. 2)L. 90/2001, 9. gr. | Uppfæra augl. um flutning persónuupplýsinga til annarra landa. (sjá 1. mgr. 6. gr.) | - | - | - |
| | | | 30. gr. 2. mgr. 1.-4. ml. | **Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr.** telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. **[Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa** þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara.]1) 1)L. 90/2001, 10. gr. | Útgáfa leyfis til flutnings persónuupplýsinga úr landi. | 3 | 3 | 5 |
| | | | 30. gr. 2. mgr. 5. ml. | Að öðru leyti **getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli2) um flutning persónuupplýsinga úr landi**.]1) 1)L. 90/2001, 10. gr. 2)Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. | Uppfæra rgl. 1100/2008. | 0 | 1 | 1 |
| | | | 1. og. 3. mgr. 31. gr., 32. | Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún | Uppfæra tilkynninga- og leyfisreglur, nr. 712/2008 | 0 | 20 | 25 |

 

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | gr., 33. gr. | hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu. [...] Persónuvernd getur ákveðið1) að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. **Persónuvernd getur jafnframt ákveðið1) að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar.** Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu *getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal* um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða. 1)Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010.Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði: *[...]* **Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli2) um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.** Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfrest eftir tegund og eðli vinnslu.3) 1)L. 81/2002, 4. gr. 2)Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. 3)Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila **getur Persónuvernd ákveðið1) að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni** og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið2) að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu. 1)Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. 2)Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003 og rgl. 853/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. | | | | |
| | | | 34. og 35. gr. 1.-3. mgr. | Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögunum eða fyrirmælum Persónuverndar. *Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra* persónuupplýsinga **skal Persónuvernd,** innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, **meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt** með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða. Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. **skal Persónuvernd binda það** | Útgáfa leyfa til meðferðar viðkvæmra persónuupplýsinga.(sjá 3. mgr. 9. gr.) | - | - | - |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr. Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga: *[...]* Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. | | | | |
| | | | 35. gr. 4. mgr. | **Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður** til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst. | Tilsjónarmennska með útgefnum leyfum. | 0 | 30 | 80 |
| | | | 36. gr. | Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir [Innanríkisráðherra].1) Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda. Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn. Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna. Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns. Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Forstjóri Persónuverndar annast **daglega stjórn** og **ræður annað starfsfólk** Persónuverndar. **Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi** Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti **skiptingu starfa** á milli **stjórnar** og starfsmanna hennar. | Starfsmannamál, fjármál, reikningar, samningagerð, annað viðkomandi rekstri. Æskilegt væri að bæta við: áætlanagerð, skráning verklagsregina, hagræðing, úrbætur á málmeðferð o.fl. þ.h. (vinnuframlagsþörf nær alfarið hjá stjórn, forstjóra og skrifstofu en ekki sérfræðingum og því ekki tilgreind hér í manndögum). | | | |
| | | | 37. gr. 1. mgr., 3. mgr. 2. tl. | Persónuvernd annast **eftirlit með framkvæmd** laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. | Engu af lögbundnu eftirliti stofnunarinnar er sinnt í dag. Æskilegt væri að minnst einn tæknimaður sinni úttektarstörfum, helst tveir. | 0 | 200 | 400 |

 

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Stór úttektarverkefni sem brýnt er að ráðast í telja nú á þriðja tug. | | | |
| | | | 37. gr. 2. mgr. 1. ml. | <u>Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum</u> *sem upp kunna að* koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].1) 1)L. 90/2001, 11. gr. | Fella úrskurði í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga. Á liðnu ári voru 111 úrskurðarmál tekin til meðferðar og tók hvert þeirra að meðaltali um 4 manndaga alls í vinnslu. Gera má ráð fyrir 9% aukningu á þessu ári. Af 1600 málum á yfirstandandi ári má gera ráð fyrir að 300 verði ólokið um komandi áramót, þ.e. um 19% | 392 | 484 | 484 |
| | | | 37. gr. 2. mgr. 2. ml. | <u>Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði</u> eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. | Taka til meðferðar mál að eigin frumkvæði stofnunarinnar. Æskilegt að tveir lögfræðingar (eigi færri en einn) sinni frumkvæðismálum. Stór frumkvæðismál sem brýnt er að ráðast í eru nú hátt í tíu talsins. | 20 | 200 | 400 |
| | | | 37. gr. 3. mgr. 3. tl. | Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi: <u>að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitaefni</u> sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,. | Sækja fundi á samráðsvettvangi systurstofnana Persónuverndar innan EES („29. gr. hópurinn") og á vettvangi Evrópuráðsins, auk sanstarfs vegna eftirlits með Schengen-upplýsingakerfi. | 12 | 60 | 60 |
| 1972 | | | | | | | | |
| | 73/1972 | Höfundalög | 22. gr. a. | [ [Heimilt er að veita aðgang að skjölum eða öðrum gögnum mála samkvæmt stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og öðrum lögum með því að afhenda ljósrit eða afrit af þeim þótt þau hafi að geyma verk er njóta verndar samkvæmt þessum lögum. Upplýsingaréttur skv. 1. mgr. er þó háður því skilyrði að verkin verði ekki birt, eintök af þeim gerð, eintökum af þeim dreift eða þau nýtt með öðrum hætti nema með samþykki höfundar. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er <u>heimilt að veita upplýsingar í samræmi við 18. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.</u>]1)]2) 1)L. 23/2006, 18. gr. 2)L. 50/1996, 25. gr. | | | | |
| 1985 | | | | | | | | |
| | 66/1985 | Lög um Þjóðskjalasafn Íslands | 9. gr. a | Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að skjölum þegar liðin eru 80 ár frá því að þau urðu til þótt þar komi fram upplýsingar er varða fjárhags- og einkamálefni einstaklinga, þar á meðal <u>persónuupplýsingar sem teljast viðkvæmar í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga</u>, svo og upplýsingar um vernd vitna, brotaþola og annarra sem fjallað er um í skjölum hjá lögreglu, ákæruvaldi, dómstólum og stjórnvöldum sem hafa vald til að beita stjórnsýsluviðurlögum.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er <u>óheimilt að veita aðgang að sjúkraskrám og öðrum skrám um heilsufarsupplýsingar nafngreindra manna fyrr en liðin eru 100 ár frá síðustu færslu í skrárnar.</u> | | | | |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðgangur að aðalmanntölum, prestsþjónustubókum og sóknarmanntölum heimill þegar liðin eru 50 ár frá því að upplýsingar voru færðar inn.]1) | | | | |
| 1992 | | | | | | | | |
| | 59/1992 | Lög um málefni fatlaðs fólks | 4. gr. a | Meðferð persónuupplýsinga, sem unnið er með við framkvæmd laga þessara, skal samrýmast lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þess skal gætt að aðgangur að upplýsingunum sé ekki umfram það sem nauðsyn krefur, sem og að öryggi þeirra sé tryggt. | Staðfesting á að við samkeyrslu upplýsinga sé fylgt ákvæðum pvl. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) en að lágmarki bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti, m.v. að úttektir verði hjá 5 ábyrgðaraðilum árlega. | 0 | 15 | 40 |
| 1994 | | | | | | | | |
| | 93/1994 | Lyfjalög | 24. gr., 2. mgr. | Lyfsölum er skylt að veita [Lyfjastofnun]1) upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi, enda brjóti það ekki í bága við önnur lög. [Lyfsölum er jafnframt skylt að afhenda [sjúkratryggingastofnuninni]2) rafrænt allar upplýsingar sem fram koma á lyfseðlum um afgreiðslu lyfja með persónuupplýsingum á dulkóðuðu formi, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir ber ábyrgð á dulkóðun og afkóðun þessara gagna.]3) | Staðfesting á að við afhendingu uppl. til Sjúkratrygginga sé fylgt ákvæðum pvl. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki á fimm ára fresti, m.v. að úttektir verði hjá 3 lyfsölum árlega. | 0 | 10 | 10 |
| | | | 24. gr., 4. mgr. | Lyfsalar skulu tölvuskrá allar upplýsingar af lyfseðlum á formi sem samþykkt er af landlækni og [Persónuvernd, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga].4) Landlæknir getur krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann. | Samþykkja form lyfseðla. | 0 | 3 | 3 |
| | | | 25. gr., 2. mgr. | Persónuvernd hefur, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eftirlit með öryggi persónuupplýsinga í tölfræðigagnagrunni og lyfjagagnagrunni og starfrækslu þeirra að öðru leyti.]2) | Framkvæma úttekt (4 mannvikur) á öryggi upplýsinga í tölfræði- og lyfjagagnagrunnum annað hvert ár, minnst fjórða hvert ár. | 0 | 5 | 10 |
| | | | 27. gr., 9. mgr. | Heimilt er að nota upplýsingar úr lyfjagagnagrunni við gerð áætlana um gæðaþróun og til vísindarannsókna. Um aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr lyfjagagnagrunni vegna vísindarannsókna fer samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | Hefur lítið reynt á sjálfstætt. (Sjá 9. gr. 3. mgr. pvl.) | - | - | - |
| 1995 | | | | | | | | |
| | 93/1995 | Lög um matvæli | 27. gr. d. | Matvælastofnun er heimill rafrænn aðgangur að farmskrárupplýsingum úr upplýsingakerfum tollyfirvalda vegna eftirlits með þeim vörum sem 27. gr. a og 27. gr. b ná til. Matvælastofnun og starfsmenn hennar skulu meðhöndla upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarupplýsingar og í samræmi við lög um persónuvernd. Stofnunin og starfsmennirnir bera jafnframt sömu þagnarskyldu og starfsmenn tollstjóra samkvæmt ákvæðum tollalaga. | Staðfesting á að við meðhöndlun Matvælastofnunar á upplýsingum sé fylgt ákvæðum pvl. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki á fimm ára fresti. | 0 | 2 | 5 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996 | | | | | | | | |
| | 50/1996 | Upplýsingalög | 2. gr., 2. mgr. | Lögin gilda ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum. Lögin gilda heldur ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nema óskað sé eftir aðgangi að skjölum eða öðrum gögnum sem 2. mgr. 3. gr. laga þessara tekur til. Þá gilda lögin heldur ekki ef á annan veg er mælt í þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að. | | | | |
| | | | 26. gr., 1. mgr., a-liður | Heimilt er að endurnota opinberar upplýsingar sem eru almenningi aðgengilegar lögum samkvæmt, enda séu eftirfarandi skilyrði ávallt uppfyllt:<br>a. Endurnot upplýsinganna mega ekki brjóta í bága við lög, þ.m.t. ákvæði almennra hegningarlaga, höfundalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða réttindi þriðja manns. | | | | |
| 1997 | | | | | | | | |
| | 74/1997 | Lög um réttindi sjúklinga | 15. gr., 3. og 4. mgr. | [Persónuvernd]2) er heimilt samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að **veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna,** *enda uppfylli rannsókn skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr.* laga þessara. Unnt er að binda slíkt leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni.<br>Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og ákvæða 1. og 2. mgr. gætt. | Leyfisútgáfa vegna sjúkraskrárleyfa: Er lögmælt og því ekki á forræði Persónuverndar að draga úr en stofnunin hefur í umsögn um lagafrv. *bent Alþingi á að rétt sé að taka til* endurskoðunar. Gert er ráð fyrir alls 25% fækkun á útgefnum leyfum (sjá 3. mgr. 9. gr. þvl.). | - | - | - |
| | 131/1997 | Lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa | 14. gr., 2. mgr. | Verðbréfamiðstöð er heimilt að veita upplýsingar í hagtöluskyni að fenginni heimild [Persónuverndar].1) | Veita heimildir til upplýsingagjafar í hagtöluskyni. Hefur ekki reynt á. Rétt að kanna framkvæmd og sannreyna að sé í samræmi við lög. | 0 | 5 | 5 |
| 1998 | | | | | | | | |
| | 60/1998 | Lög um loftferðir | 75. gr. 2. mgr. | Um framkvæmd upptöku, varðveislu, afspilun og skráningar á notkun skal nánar kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur **að höfðu samráði við Persónuvernd**. | Samráð við ráðherra um setningu reglugerðar. | 0 | 2 | 5 |
| | 139/1998 | Lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði | 4. gr. 3. mgr. | Rekstrarleyfishafi skal greiða gjald fyrir veitingu rekstrarleyfis til þess að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Leyfishafi skal jafnframt árlega greiða gjald sem nemur kostnaði af starfi nefndar skv. 6. gr. og öðrum kostnaði sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslunni, þ.m.t. **eftirliti [Persónuverndar]**2) sem starfar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, og kostnaði við útgáfu og kynningu skv. 8. gr. | | 0 | 0 | 0 |
| | | | 5. gr. 1. mgr. 2. tl. | Rekstrarleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði er háð eftirfarandi skilyrðum:<br>2. **Tækni-, öryggis- og skipulagslýsing uppfylli kröfur [Persónuverndar]**.1) | Semja tækni-, öryggis- og skipulagslýsingu. | 0 | 0 | 0 |
| | | | 5. gr. 3. | Þegar leyfistíma lýkur samkvæmt ákvæðum í rekstrarleyfi **tekur** | Veita ráðherra álit. | 0 | 0 | 0 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | mgr. | **ráðherra ákvörðun um starfrækslu gagnagrunnsins að fengnu áliti** nefndar skv. 6. gr. og [Persónuverndar].1) Sama gildir ef rekstrarleyfi er afturkallað eða leyfishafi er sviptur rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara. | | | | |
| | | | 6. gr. 2. mgr. 1. ml. | Hlutverk nefndarinnar er að sjá um að gerð og starfræksla gagnagrunnsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og skilyrði sem sett eru í rekstrarleyfi, að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk [Persónuverndar]. | | | | |
| | | | 6. gr. 4. mgr. | Nefndin skal tafarlaust gera ráðherra og [Persónuvernd]1) viðvart ef hún telur að misfellur séu á starfrækslu gagnagrunnsins. | | 0 | 0 | 0 |
| | | | 7. gr. 2. mgr. | Við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skal fylgt **þeim skilyrðum sem [Persónuvernd]1) metur nauðsynleg hverju sinni**. Persónuauðkenni skulu dulkóðuð fyrir flutning í gagnagrunninn þannig að tryggt sé að starfsmenn rekstrarleyfishafa vinni einungis með ópersónugreinanlegar upplýsingar. Starfsmenn viðkomandi heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skulu búa upplýsingar til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Heilsufarsupplýsingar skal flytja í dulkóðuðu formi til að tryggja öryggi þeirra. Persónuauðkenni skulu dulkóðuð í eina átt, þ.e. með dulkóðun sem ekki er hægt að rekja til baka með greiningarlykli. **[Persónuvernd]1) skal annast frekari dulkóðun persónuauðkenna með þeim aðferðum sem hún telur tryggja persónuvernd best**. | Setja skilyrði fyrir meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga. Annast dulkóðun persónuauðkenna. | 0 | 0 | 0 |
| | | | 10. gr. 2. mgr. | Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum úr sjúkraskrám sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum. Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfylla **skilyrði [Persónuverndar]1) til að tryggja persónuvernd við samtengingu upplýsinga úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, gagnagrunni með ættfræðiupplýsingum og gagnagrunni með erfðafræðilegum upplýsingum**. Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunni á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna en fyrrgreinda fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Óheimilt er að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum. | Setja skilyrði til að tryggja persónuvernd við samtengingu. | 0 | 0 | 0 |
| | | | 12. gr. 1. mgr. | **[Persónuvernd]1) hefur eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði** að því er varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga og öryggi gagna í gagnagrunninum og annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur sé fylgt. | Hafa eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði. | 0 | 0 | 0 |
| | | | 17. gr. | Hafi rekstrarleyfishafi, starfsmaður hans eða sá sem hann hefur falið vinnslu upplýsinga brotið gegn ákvæðum um vernd persónuupplýsinga í lögum þessum, reglum sem settar eru | | | | |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | samkvæmt þeim eða skilmálum [Persónuverndar]1) skal rekstrarleyfishafi bæta hinum skráða fjárhagslegt tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Rekstraraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu, starfsmanna hans eða vinnsluaðila. | | | | |
| 2000 | | | | | | | | |
| | 16/2000 | Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi | 18. gr. | [Persónuvernd]1) skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.<br>[Persónuvernd]1) skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi upplýsingakerfisins sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það.<br>[Persónuvernd]1) hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu skv. 1. mgr.<br>Nú gerir [Persónuvernd]1) athugasemdir við starfrækslu upplýsingakerfisins og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og [ráðuneytið].2) | Frumkvæðiseftirlit: Takmarkað svigrúm er til að sinna eftirlitinu við núverandi aðstæður. Æskilegt væri að hægt væri að verja átta mannvikum, minnst sex, árlega til starfans. | 10 | 20 | 30 |
| | | | 19. gr. | Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð1) um framkvæmd laganna, þar með talið um:<br>a. öryggisþætti upplýsingakerfisins og innra eftirlit með því, sbr. 3. gr.,<br>b. hæfis- og öryggiskröfur sem starfsmenn lögreglu eða [Útlendingastofnunar]2) verða að fullnægja til að starfa við upplýsingakerfið, sbr. 2. mgr. 10. gr.,<br>c. eftirlit [Persónuverndar]3) með upplýsingakerfinu, sbr. 18. gr.<br>1)Rg. 112/2001, sbr. 640/2007. 2)L. 96/2002, 59. gr. 3)L. 77/2000, 46. gr. | | | | |
| | 46/2000 | Lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga | 14. gr. 2. mgr. | Seljendum vöru og þjónustu sem lög þessi taka til ber, áður en bein markaðssókn er skipulögð, að kanna [bannskrá Þjóðskrár]1) yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð við markaðssetningu, sbr. ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hafi neytandi óskað eftir því að vera færður í skrána er bein markaðssókn til hans óheimil. | | | | |
| | 110/2000 | Lög um lífsýnasöfn | 1. gr. 1. mgr. | Markmiðið með lögum þessum er að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna úr mönnum með þeim hætti að persónuvernd sé trygg, gætt sé hagsmuna lífsýnisgjafa og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill. | | | | |
| | | | 5. gr. 1. mgr. 9. tl. | Leyfi til stofnunar og starfrækslu lífsýnasafns er háð eftirfarandi skilyrðum:<br>[9. ]1) Að öryggismat og öryggisráðstafanir við söfnun og meðferð lífsýna séu í samræmi við reglur2) [Persónuverndar]1) um öryggi | Setja reglur um öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. (endurskoða reglurnar) | 0 | 0 | 15 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. | | | | |
| | | | 6. gr. | Leyfishafi skipar a.m.k. þriggja manna stjórn yfir hverju lífsýnasafni sem skal hafa eftirlit með starfsemi þess. Stjórnin hefur upplýsingaskyldu gagnvart landlækni, Persónuvernd og vísindasiðanefnd um lífsýni og starfsemi lífsýnasafnsins. | | | | |
| | | | 7. gr. 1. mgr. | Við öflun lífsýnis til vörslu í [lífsýnasafni vísindasýna]1) skal leitað eftir upplýstu, óþvinguðu samþykki þess sem lífsýnið gefur. Það skal veitt skriflega og af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tökunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í [lífsýnasafni vísindasýna]1) til notkunar skv. 9. gr. Auk þess skal gætt ákvæða 20. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem það á við. | | | | |
| | | | 8. gr. 1. mgr. | [Lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt. Vísindasýni skulu varðveitt án persónuauðkenna og skulu tengsl lífsýna við persónuauðkenni vera í samræmi við reglur Persónuverndar.]1) | Setja reglur um tengsl lífsýna við persónuauðkenni. | 0 | 10 | 20 |
| | | | 8. gr. 3. mgr. | Ákveði leyfishafi að hætta rekstri lífsýnasafns, eða sé hann sviptur leyfi skv. 14. gr., skal ráðherra, að fengnu áliti landlæknis, Persónuverndar og vísindasiðanefndar, taka ákvörðun um ráðstöfun lífsýnasafnsins en taka skal tillit til óska og tillagna leyfishafa. | Veita ráðherra álit um ráðstöfun lífsýnasafns. | 0 | 0 | 0 |
| | | | 9. gr. 3. mgr. | Safnstjórn gerir samninga við vísindamenn um aðgang að lífsýnum. Ekki er þó heimilt að veita aðgang að lífsýnum til vísindarannsókna fyrr en aflað hefur verið leyfis Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og fyrir liggur rannsóknaáætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar sem skipuð er samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga og reglugerða samkvæmt þeim. | Veita leyfi fyrir aðgang að lífsýnum til vísindarannsókna. | 0 | 10 | 20 |
| | | | 9. gr. 4. mgr. | [Þegar veittur er aðgangur að þjónustusýnum til vísindarannsókna skulu þau afhent án persónuauðkenna. Í undantekningartilvikum er heimilt, með leyfi Persónuverndar, að afhenda lífsýni með persónuauðkennum. Tengsl lífsýna við persónuauðkenni skulu vera í samræmi við reglur Persónuverndar.]1) | Veita leyfi fyrir afhendingu lífsýna með persónuauðkennum. | 0 | 0 | 1 |
| | | | 9. gr. 5. mgr. | Safnstjórn getur, að fengnu leyfi Persónuverndar og vísindasiðanefndar, heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila. | Veita leyfi fyrir notkun lífsýna í öðrum en upphaflegum tilgangi. | 0 | 10 | 15 |
| | | | 9. gr. 6. mgr. | Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, vísindasiðanefndar og Persónuverndar, setja reglugerð2) með frekari ákvæði um notkun lífsýna. | Gera tillögur til ráðherra. | 0 | 0 | 1 |
| | | | 10. gr. 3. mgr. | Heimilt er að senda lífsýni úr landi í þágu lífsýnisgjafa, vegna sjúkdómsgreininga eða gæðaeftirlits. Annar flutningur lífsýna úr | Veita samþykki fyrir flutning lífsýna úr landi. | 0 | 0 | 1 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | landi er háður samþykki vísindasiðanefndar og Persónuverndar ...1) með þeim skilyrðum sem þær setja. | | | | |
| | | | 12. gr. 1. mgr. | Ábyrgðarmaður lífsýnasafns ber ábyrgð á því að viðhaft sé innra eftirlit og að öryggismat sé framkvæmt reglulega í samræmi við ákvæði 11. og 12. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | Kalla eftir og rýna upplýsingar um framkvæmd öryggismats. | 0 | 10 | 15 |
| | | | 12. gr. 2. mgr. | Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. Um eftirlit Persónuverndar með lífsýnasöfnum gilda ákvæði 4. mgr. 35. gr., 2. og 3. mgr. 37. gr. og 38.–43. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | Gera úttektir á öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. | 0 | 20 | 40 |
| 2001 | | | | | | | | |
| | 28/2001 | Lög um rafrænar undirskriftir | | Um meðferð vottunaraðila á persónuupplýsingum og eftirlit með henni fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Vottunaraðilar eru tilkynningarskyldir samkvæmt þeim lögum. | Rýna tilkynningar frá vottunarskyldum aðilum og gera tilvikabundnar kannanir (3 mannvikur) á þriggja ára fresti á því að meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við lög. | 0 | 5 | 5 |
| | 88/2001 | *Lög um erfðaefnisskrá lögreglu* | 1. gr. 2. mgr. | Ríkislögreglustjóri annast skráningu í erfðaefnisskrána og ber ábyrgð á skránni. Hann skal gæta þess að uppfyllt séu ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra um öryggismat, öryggisráðstafanir og innra eftirlit. | | | | |
| | | | 9. gr. | Persónuvernd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð skráðra upplýsinga sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Persónuvernd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi skrárinnar sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að henni eða geti haft áhrif á skráningu í hana,. Persónuvernd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með erfðaefnisskrá. Nú gerir Persónuvernd athugasemdir við starfrækslu skrárinnar og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og [ráðuneytið].1) Að öðru leyti fer um heimildir Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *1)L. 162/2010, 169. gr.* | Eftirlitsúttekt á erfðaefnisskrá. Semja tillögur að úrbótum. | 0 | 20 | 25 |
| | 134/2001 | Lög um leigubifreiðar | 2. gr. 1. mgr. | Vegagerðin fer með framkvæmd mála er varða leigubifreiðar. Undir starfssvið hennar fellur útgáfa starfsleyfa leigubifreiðastöðva, útgáfa atvinnuleyfa, útgáfa leyfa fyrir forfallabílstjóra og námskeiðahald. Þá sér Vegagerðin um starfrækslu gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í gagnagrunninn eru skráðar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja verða til grundvallar útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis. Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | Sjá rg. 397/2003. | - | - | - |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | | | | | | | | |
| | 19/2002 | Lög um póstþjónustu | 32. gr., 3. mgr. | Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekanda heimilt að opna póstsendinguna í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 35. gr., að fenginni umsögn Persónuverndar. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar. | Veita umsögn um reglur um opnun póstsendinga. | 0 | 1 | 1 |
| | 44/2002 | Lög um geislavarnir | 14. gr. 1. mgr. 1. ml. | Um skrá sem Geislavarnir ríkisins halda yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr., fer samkvæmt lögum um persónuvernd. | Sjá rg. 627/2003. | - | - | - |
| | 96/2002 | Lög um útlendinga | 55. gr. | [Útlendingastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna. Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að útlendingar dvelji og starfi löglega hér á landi er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar, Vinnumálastofnunar, lögreglu, skattyfirvalda og þjóðskrár. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar úr skrám einstakra stofnana séu sendar öðrum þessara stofnana umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.]1) [Ráðherra]2) skal, að fenginni umsögn Persónuverndar, setja reglur um hvaða skrár skulu haldnar af Útlendingastofnun og lögreglu. | Veita umsögn um reglur um skráarhald Útlendingastofnunar. Staðreyna að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við lög þar um. Æskilegt að fram fari stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár. | 0 | 5 | 5 |
| | 97/2002 | Lög um atvinnuréttindi útlendinga | 25. gr. 2. mgr. | Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að útlendingar starfi löglega hér á landi er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu, skattyfirvalda og þjóðskrár. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar úr skrám einstakra stofnana séu sendar öðrum stofnunum umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | Staðfesting á að við samkeyrslu upplýsinga sé fylgt ákvæðum pvl. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti. | 0 | 1 | 5 |
| 2003 | | | | | | | | |
| | 81/2003 | Lög um fjarskipti | 38. gr. 3. mgr. | Símtöl sem eru gjaldfrjáls, þ.m.t. símtöl vegna ráðgjafar á vegum félagslegrar þjónustu, mega ekki vera sundurliðuð á reikningi, enda hafi þeir sem veita slíka ráðgjöf tilkynnt fjarskiptafyrirtækjum um starfsemi sína fyrir fram. Við gerð sundurliðaðra reikninga skal hafa hliðsjón af löggjöf um persónuvernd. | | | | |
| | | | 42. gr. 7. mgr. | [Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja.]2) | Semja skilyrði um eyðingu gagna. | 0 | 3 | 5 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2)L. 78/2005, 7. gr. | | | | |
| | | | 47. gr. a. 4. mgr. | Sé rökstuddur grunur um að einstakar sendingar innihaldi spillikóta er netöryggissveitinni heimilt, með samþykki rekstraraðila einstakra ómissandi upplýsingainnviða, að greina efni einstakra fjarskiptasendinga til og frá viðkomandi neti. Þessi heimild tekur þó ekki til skoðunar sendingar í almennum fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækja. Tilkynna skal sendanda og móttakanda sendingarinnar um að hún verði skoðuð og gefa þeim tækifæri á því *að vera viðstaddir skoðunina* ef *það er mögulegt*. Að öðru leyti skal netöryggissveitin starfa í samræmi við **skilyrði sem Persónuvernd kann að setja fyrir vinnslunni.** | Semja skilyrði fyrir að netöryggissveit greini efni einstakra fjarskiptasendinga. | 0 | 5 | 10 |
| | | | 47. gr. a. 6. mgr. | Ráðherra setur, **að fenginni umsögn frá Persónuvernd**, nánari fyrirmæli um starfsemi netöryggissveitarinnar í reglugerð sem skal m.a. fjalla um:<br>a. hlutverk, skipulag og verkefni netöryggissveitarinnar,<br>b. samræmingu á samstarfi innan þjónustuhópsins og miðlun upplýsinga innan hans,<br>c. skipun og hæfi starfsmanna netöryggissveitarinnar, þ.m.t. um öryggisvottun starfsmanna,<br>d. miðlun upplýsinga til erlendra samstarfsaðila og viðeigandi öryggisráðstafanir þar að lútandi,<br>e. *framkvæmd eftirlits um vélræna skimun fjarskiptaumferðar*,<br>f. verklag við skoðun efnis fjarskiptasendinga með samþykki ábyrgðaraðila,<br>g. ráðstafanir til að tryggja öryggi og eyðingu gagna og aðrar ráðstafanir til að tryggja friðhelgi einkalífs,<br>h. tilkynningarskyldu fjarskiptafyrirtækja og annarra hagsmunaaðila um öryggisatvik,<br>i. prófanir og úttektir á net- og upplýsingaöryggi og viðnámsþrótti upplýsingakerfa sem netöryggissveitin getur ráðist í,<br>j. efni þjónustusamninga sem netöryggissveitin gerir við rekstraraðila ómissandi upplýsingainnviða,<br>k. skýrslugjöf um starfsemi netöryggissveitarinnar.]1)<br>1)L. 62/2012, 8. gr. | Semja umsögn um fyrirmæli um starfsemi netöryggissveitar. | 0 | 0 | 0 |
| | | | 48. gr. 4. mgr. | Um fyrirkomulag hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skal fara eftir **skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja.** | Semja og viðhalda skilyrðum fyrir að netöryggissveit greini efni einstakra fjarskiptasendinga. | 0 | 3 | 5 |
| | | | 48. gr. 5. mgr. | **Úrvinnsla hljóðritana samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.** | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt skoðun (2 mannvikur) annað hvert ár, m.v. 4 fjarskiptafyrirtæki. | 0 | 20 | 20 |
| | | | 51. gr. | Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenna [tal- og farsímaþjónustu]1) | | | | |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | skulu bjóða notendum númerabirtingu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur2) um fyrirkomulag númerabirtingar. | | | | |
| 2005 | 15/2005 | Lög um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað | 7. gr., 3. mgr. | [Ráðherra]1) mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um gagnaöryggi, varðveislu gagna og persónuvernd. | | | | |
| | 32/2005 | Lög um miðlun vátrygginga | 27. gr., 3. mgr. og 48. gr., 3. mgr. | Við miðlun vátrygginga **skal fullnægja skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000**. | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt skoðun (2 mannvikur) annað hvert ár, m.v. 4 leyfisskylda aðila | 0 | 20 | 20 |
| | 34/2005 | Lög um græðara | 6. gr. | Að höfðu samráði við landlækni og Bandalag íslenskra græðara setur ráðherra með reglugerð skilyrði um skráningu og meðferð upplýsinga vegna heilsutengdrar þjónustu græðara sem veitt er utan hinnar almennu heilbrigðisþjónustu. Að öðru leyti **fer um meðferð upplýsinga, þar á meðal öryggi þeirra, samkvæmt lögum um persónuvernd** og meðferð persónuupplýsinga og reglum settum með stoð í þeim. | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt skoðun (2 mannvikur) á fimm ára fresti, þó að lágmarki 10 ára fresti (10 aðilar skoðaðir árlega). | 0 | 10 | 20 |
| | 49/2005 | Lög um fullnustu refsinga | 79. gr. | Hjá fangelsismálastofnun og í fangelsum er vinnsla persónuupplýsinga um fanga heimil, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| 2007 | 41/2007 | Lög um landlækni og lýðheilsu | 8. gr. 2. mgr. 2. ml. | [Landlækni er heimilt að taka til varðveislu gagnasöfn um sjúkdóma sem stofnað var til fyrir setningu tölvulaga. **Meðferð upplýsinga úr slíkum gagnasöfnum verði með heimild Persónuverndar** og vísindasiðanefndar.]2) | Veita heimild til meðferðar upplýsinga. | 0 | 0 | 1 |
| | | | 8. gr. 3. mgr. | Persónuauðkenni í skrám landlæknis skv. 2. mgr. skulu dulkóðuð. Ráðherra mælir nánar fyrir um það í reglugerð,1) **að fenginni umsögn Persónuverndar**, hvaða persónuupplýsingar og heilsufarsupplýsingar megi færa í skrárnar og um dulkóðun þeirra og í hvaða tilvikum heimilt sé að afkóða þær. | Veita ráðherra umsögn. | 0 | 0 | 1 |
| | | | 8. gr. 9. mgr. | Söfnun og meðferð upplýsinga samkvæmt ákvæði þessu skal vera í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og skal **uppfylla kröfur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga í skrám á heilbrigðissviði**. | Setja kröfur um öryggi persónuupplýsinga í skrám á heilbrigðissviði. | 0 | 15 | 20 |
| | 42/2007 | Lög um Heyrnar- og talmeinastöð | 2. gr. 1. mgr. 5. tl. | Heyrnar- og talmeinastöð annast þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein. Hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar er m.a.: 5. Að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfssviði sínu. | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt skoðun (2 mannvikur) annað hvert ár en að | 0 | 2 | 5 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Stofnunin skal safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða eru með heyrnar- og talmein og öðrum tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf. Um söfnun upplýsinga skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum settum með stoð í þeim lögum og lögum um landlækni eftir því sem við á. | lágmarki á fimm ára fresti. | | | |
| | 84/2007 | Lög um opinber innkaup | 47. gr., 5. mgr. | [Ráðuneytið]1) skal útbúa skrá yfir þau innlendu stjórnvöld og stofnanir sem bær eru til að gefa út þau skjöl, vottorð eða yfirlýsingar sem um ræðir í 3. mgr. og senda hana Eftirlitsstofnun EFTA. Slík tilkynning skal ekki fara í bága við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 85/2007 | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | 9. gr., 4. mgr. | Heimilt er að skila umsókn rafrænt og skal á umsókn vera heimild til handa umsækjanda að fela leyfisveitanda að afla nauðsynlegra gagna sem fylgja þurfa umsókn rafrænt, þar sem slíkt er mögulegt. Kjósi umsækjandi að nýta sér þessa heimild skal það skoðast sem upplýst samþykki í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 100/2007 | Lög um almannatryggingar | 52. gr., 2. mgr. | Umsækjanda og bótaþega er skylt að veita Tryggingastofnun [eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni]1) allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á fjárhæð bóta. Tryggingastofnun [eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni]1) er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. [Enn fremur er Tryggingastofnun og sjúkratryggingastofnuninni heimilt að skiptast á upplýsingum um mat á örorku og öðrum nauðsynlegum upplýsingum.]1) Þegar um hjón er að ræða er Tryggingastofnun [eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni]1) heimilt, að fengnu skriflegu samþykki beggja, að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær gætu haft áhrif á fjárhæð bóta. **Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á þennan hátt skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**. Telji umsækjandi, bótaþegi eða maki upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar. Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun [eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni]1) um breytingar á tekjum eða öðrum | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri úttekt (4 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki á fimm ára fresti. | 0 | 4 | 10 |

 

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | aðstæðum sem geta haft áhrif á greiðslur. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 55. gr. | | | | |
| | | | 52. gr., 5. mgr. | Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa er skylt að veita læknum, eða eftir atvikum [hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum],1) Tryggingastofnunar ríkisins [eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar]1) þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna ákvörðunar um greiðslu bóta eða endurgreiðslu reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Þá er læknum Tryggingastofnunar [eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar],1) eða [hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum]1) þegar það á við, heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Skoðun skal fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er með þessum hætti skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um [sjúkraskrár]2) eftir því sem við á. | (Sjá 2. mgr. 52. gr.) | - | - | - |
| | 163/2007 | Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð | 13. gr. 2. mgr. | Hagstofunni er einnig heimilt að veita aðgang að gagnasafni með viðkvæmum persónuupplýsingum sé einhverju skilyrða 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, fullnægt og hlutaðeigandi rannsóknaraðili heiti því að skila gögnunum eða eyða persónuauðkennum þeirra að rannsókn lokinni, en þó í síðasta lagi að tilteknum tíma liðnum. Hyggist rannsóknaraðili varðveita persónuauðkenni lengur skal hann tilkynna það Hagstofunni og óska eftir samþykki hennar fyrir frekari varðveislu. | | | | |
| | | | Ákv. II til br.b., 4. mgr. | Tryggja skal að fyllsta öryggis sé gætt við sendingu og meðferð upplýsinga sem Hagstofa Íslands aflar á grundvelli 2. mgr. Setja skal öryggisstefnu, framkvæma áhættumat og gera aðrar öryggisráðstafanir til samræmis við 11.–13. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglur sem settar hafa verið á þeim grundvelli. | Framkvæma úttekt á að vinnslan sé í samræmi við 11. og 12. gr. pvl. Æskilegt væri að ítarleg úttekt (4 mannvikur) færi fram árlega, en að lágmarki styttri úttekt (3 vikur) annað hvert ár. | 0 | 8 | 20 |
| 2008 | | | | | | | | |
| | 40/2008 | Lög um samræmda neyðarsvörun | 6. gr. | Skrár yfir tilkynningar og afrit af samskiptum tilkynnanda og vaktstöðvar skv. 5. gr. skulu varðveittar í a.m.k. sex mánuði frá því að tilkynning barst og skal farið með efni þeirra sem trúnaðarmál. [Ráðherra]1) setur nánari reglur um varðveislu upplýsinganna, aðgengi að þeim og notkun í samræmi við ákvæði laga þessara og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 82/2008 | Lög um almannavarnir | 34. gr. 3. mgr. | [Ráðherra]1) setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi rannsóknarnefndar um almannavarnir, svo sem hver skuli kalla á rannsókn nefndarinnar, hafi hún ekki sjálf frumkvæði að rannsókn, og um vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni að svo miklu leyti | | | | |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | sem hún fellur ekki undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. 1)L. 162/2010, 193. gr. | | | | |
| | 90/2008 | Lög um leikskóla | 16. gr. 2. mgr. | Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess. | | | | |
| | 91/2008 | Lög um grunnskóla | 18. gr. 2. mgr. | Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Um persónuupplýsingar sem þannig er aflað eða fylgt hafa barni úr leikskóla er krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessum upplýsingum. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi skólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess. Ráðherra setur reglugerð1) um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga og um rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. [Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.]2) | | | | |
| | | | 27. gr. 2. mgr. | Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og foreldrum þeirra. Þó er heimilt að veita þessar upplýsingar vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 112/2008 | Lög um sjúkratryggingar | 50. gr. | Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að **uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.** | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt skoðun (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki á fimm ára fresti. | 0 | 2 | 5 |
| | 142/2008 | Lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða | 18. gr., 8. mgr. | **Ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda að öðru leyti um gagnagrunna um bankahrunið, þ.m.t. eftirlit og úrræði Persónuverndar.** Ábyrgðarmaður rannsóknar, sem óskar eftir að gera fræðilega rannsókn á gagnagrunnum um bankahrunið, skal greiða fyrir allan kostnað sem hlýst af framkvæmd rannsóknarinnar og eftirliti með því að reglum og skilmálum sé fylgt. Þurfi Þjóðskjalasafn að kalla til sérfræðing við framkvæmd eða eftirlit með rannsókninni skal ábyrgðarmaður rannsóknar jafnframt greiða þann kostnað | Eftirlit Persónuverndar vegna aðgangs að gögnum hjá Þjóðskjalasafni. Hefur ekki reynt á. | 0 | 0 | 0 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, ... | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | samkvæmt reikningi, þar á meðal kostnað sem til fellur vegna eftirlits Persónuverndar. | | | | |
| | 160/2008 | Lög um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga | | Stofnunin skal halda skrá yfir alla sem eru blindir, sjónskertir og daufblindir hér á landi í þeim tilgangi að bæta þjónustu við þá, tryggja gæði þjónustunnar og hafa með henni eftirlit og til tölfræðiúrvinnslu og vísindarannsókna til samræmis við skilgreint hlutverk, sbr. 1. gr. Um skráningu og meðferð upplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.<br>Ráðherra skal í reglugerð, að fenginni umsögn Persónuverndar, kveða nánar á um hvaða persónuupplýsingar megi færa í skrána og hvernig þær skuli nýttar. | Kanna hvort meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við lög. Æskilegt væri að framkvæmd væri skemmri skoðun (1 mannvika) eða bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti. | 0 | 1 | 1 |
| 2009 | | | | | | | | |
| | 55/2009 | Lög um sjúkraskrár | 18. gr. 2. mgr. | Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og um aðgangsheimildir heilbrigðisstarfsmanna við slíka samtengingu. Um öryggi persónuupplýsinga við samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga. | | | | |
| | | | 20. gr. | Heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, er heimilt með leyfi ráðherra að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga, sem koma til meðferðar hjá þeim, í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi.<br>Leyfi ráðherra skv. 1. mgr. skal aðeins veitt ef sýnt er fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga við meðferð. Ráðherra getur bundið leyfi skv. 1. mgr. þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja vandaða færslu sjúkraskráa, örugga varðveislu þeirra og vernd sjúkraskrárupplýsinga. Leyfisveiting ráðherra skal jafnframt bundin eftirfarandi skilyrðum:<br>1. Að skilyrði reglugerðar skv. 24. gr. um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi séu uppfyllt.<br>2. Að fyrir liggi staðfesting Persónuverndar um að öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga. | Framkvæma rannsókn á því hvort öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt í samræmi við lög um persónuvernd og veita umbeðna staðfestingu að því sannreyndu. | 0 | 15 | 20 |
| | | | 22. gr., 3. og 4. mgr. | Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrám í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.<br>Leiði eftirlit í ljós að verulegar líkur séu á að brotið hafi verið gegn persónuverndarhagsmunum sjúklings skal brot kært til lögreglu. Fer | Framkvæma árlega eftirlit (3 mannvikur) hjá sex, minnst þremur skrárhöldurum. | 0 | 35 | 80 |

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | þá um málið hjá lögreglu samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Kæra til lögreglu stöðvar ekki athugun og beitingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða beitingu úrræða samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. | | | | |
| | | | 24. gr., 1. mgr. | [...]Reglugerð ráðherra skal taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum laga þessara við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga. | | | | |
| 2010 | | | | | | | | |
| | 26/2010 | Lög um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi | 7. gr., 2. og 4. mgr. | Stjórnvald sem hefur með höndum viðurkenningu starfsréttinda sem fellur undir tilskipunina hefur heimild til vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga sem nauðsynlegar teljast vegna framkvæmdar tilskipunarinnar. Er stjórnvaldi í þeim tilgangi heimilt að halda sérstaka skrá um upplýsingarnar og miðla þeim til annarra lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, enda fari slík miðlun upplýsinga um evrópskt upplýsingakerfi (e. Internal Market Information System) og gætt sé ákvæða 29. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með sama hætti er stjórnvaldi heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi og varðveita þær í sérstakri skrá. Miðlun upplýsinga með öðrum hætti er óheimil.<br>Um vinnslu upplýsinga, sbr. 2. mgr., skal að öðru leyti gæta ákvæða laga nr. 77/2000, þar á meðal um að veita þeim einstaklingum sem upplýsingar eru skráðar um fræðslu um meðferð upplýsinganna, sbr. 18. gr. þeirra laga. Það stjórnvald sem viðurkennir eða veitir hlutaðeigandi starfsréttindi telst ábyrgðaraðili í skilningi þeirra laga. | | | | |
| | | | 9. gr., 5. mgr. | [Ráðherra]1) er enn fremur heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um vinnslu og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru við framkvæmd tilskipunarinnar, enda sé þar gætt fyrirmæla laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 77/2010 | Lög um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands | 2. gr. | Þjóðskrá Íslands er ábyrgðaraðili að almannaskráningu og skal fylgja lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um öryggi gagna, fræðslu og tilkynningarskyldu. Halda skal gagnagrunnum er lúta að almannaskráningu aðskildum frá öðrum skrám ábyrgðaraðila. Þó eru heimilar samkeyrslur til uppfærsina á heimilisföngum. Aðra vinnslu skal tilkynna til Persónuverndar. | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri úttekt (4 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki á fimm ára fresti. | 0 | 4 | 10 |
| | 100/2010 | Lög um umboðsmann skuldara | 2. gr. 3. mgr. | Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn. Umboðsmanni skuldara er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Ef um vinnslu persónuupplýsinga er að ræða skal | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri úttekt (4 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki á | 0 | 4 | 10 |

 

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | vinnslan fullnægja skilyrðum 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig skulu umboðsmaður skuldara og vinnsluaðili gera með sér vinnslusamning í samræmi við 13. gr. sömu laga. | fimm ára fresti. | | | |
| | | | 3. gr., 2. mgr. | Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni og fylgt sé ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila, í þessu tilfelli umboðsmanns skuldara, þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða, þ.e. skuldara. | | | | |
| | 101/2010 | Lög um greiðsluaðlögun einstaklinga | 5. gr. 2. mgr. | Umboðsmaður skuldara skal auk þess afla frekari upplýsinga sem hann telur geta skipt máli varðandi skuldir, eignir, tekjur og framferði skuldara, áður en hann tekur ákvörðun um hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Komi til þess skal veita skuldara fræðslu í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða. Ef þörf krefur er umboðsmanni skuldara heimilt að kalla skuldara eða aðra sem málið varðar á sinn fund til að afla upplýsinganna. | | | | |
| 2011 | | | | | | | | |
| | 68/2011 | Lög um rannsóknarnefndir | 14. gr. | Ákvæði upplýsingalaga og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda ekki á meðan rannsóknarnefnd er að störfum. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum. Ekki er unnt að bera fram kvörtun um störf nefndarinnar við umboðsmann Alþingis. | | | | |
| | 88/2011 | Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk | 12. gr., 3. mgr. | Fjarvöktun skal jafnframt uppfylla skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.]1) | | | | |
| | | | 14. gr., 2. mgr. | Hlutverk sérfræðiteymisins er eftirfarandi:<br>1. Að veita þjónustuaðilum og forstöðumönnum ráðgjöf, meðal annars um hvað teljist til nauðungar og aðferðir til að komast hjá beitingu nauðungar.<br>2. Að veita umsögn um beiðnir um undanþágur frá banni við beitingu nauðungar og um undanþágur frá banni við fjarvöktun.<br>3. Að taka við tilkynningum um beitingu nauðungar samkvæmt ákvæðum 13. gr. og skýrslum um beitingu nauðungar og fjarvöktun á grundvelli undanþágu og halda skrá um beitingu nauðungar. **Um meðferð og varðveislu skrárinnar og gagna sem fengin eru með fjarvöktun fer eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**. Ef ljóst er af atvikaskráningu varðandi tiltekinn einstakling að aðgerðir þær sem fengin hefur verið undanþága fyrir séu ekki til þess fallnar að ná markmiði því sem stefnt var að getur teymið lagt til við undanþágunefnd að undanþágan verði felld úr | Staðfesta tilvikabundið að farið sé með gögn, sem aflað er með fjarvöktun, í samræmi við pvl. Hefur ekki reynt á. Æskilegt væri að kanna umræddar tilkynningar með tilvikabundnum úrtökum og framkvæma stutta skoðun (2 manndagar) á hverri þeirra. Skoðaðar yrðu 4 tilkynningar árlega. | 0 | 8 | 8 |

 

| Ár | Nr. laga | Heiti laga | Lagagrein | Texti lagaákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | gildi.<br>Kostnaður vegna teymisins greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra setur nánari reglur um skipan og starfshætti sérfræðiteymisins með reglugerð.1)]2) | | | | |
| | 120/2011 | Lög um greiðsluþjónustu | 73. gr. | Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga er heimil af hálfu greiðslukerfa og greiðsluþjónustuveitenda þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, rannsaka og greina greiðslusvik. <u>**Um meðferð persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**</u>. | Framkvæma árlega skemmra eftirlit (2 mannvikur) hjá sex, minnst þremur skrárhöldurum. | 0 | 30 | 60 |
| 2012 | | | | | | | | |
| | 60/2012 | Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða | 12. gr. 4. mgr. | <u>Að öðru leyti gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga</u>. | | | | |
| | 140/2012 | Upplýsingalög | 11. gr., 1. mgr. | Heimilt er að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en skylt er samkvæmt lögum þessum enda standi aðrar lagareglur því ekki í vegi, þar á meðal <u>ákvæði laga um þagnarskyldu og persónuvernd</u>. | | | | |
| | | | 30. gr., 1. mgr., 1. tl. | Heimilt er að endurnota opinberar upplýsingar sem eru almenningi *aðgengilegar lögum samkvæmt, enda séu eftirfarandi skilyrði ávallt* uppfyllt:<br>1. <u>Endurnot upplýsinganna mega ekki brjóta í bága við lög</u>, þ.m.t. ákvæði almennra hegningarlaga, höfundalaga og <u>laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga</u>, eða réttindi þriðja manns. | | | | |
| | | | 33. gr., 2. mgr. | Ef gögn stjórnvalds hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar, eins og þær eru skilgreindar í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða ef miðlun felur í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, skal stjórnvald <u>***afla samþykkis Persónuverndar áður en það miðlar upplýsingum.***</u> <u>**Persónuvernd setur nánari reglur um leyfisskylduna og getur ákveðið að skylda til að afla leyfis falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka miðlun.**</u> | Veita leyfi fyrir afhendingu stjórnvalda á upplýsingum. (sjá 3. mgr. 9. gr. pvl.) | - | - | - |

Samtölur fyrir sett lög:

| | | | |
|---|---|---|---|
| manndagar | 727 | 1622 | 2489 |
| mannmánuðir | 36,35 | 81,10 | 124,45 |
| stöðugildi lögfr./tæknim. | 3,23 | 7,21 | 11,06 |

## II. Reglugerðarákvæði

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | | | | | | | | |
| | 32/2000 | um gagnagrunn á heilbrigðissviði | Ýmis ákvæði. | | | 0 | 0 | 0 |
| 2001 | | | | | | | | |
| | 112/2001 | um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi | 3. gr., 3. mgr. | Ríkislögreglustjóri skal <u>árlega taka saman skýrslu um innra eftirlit með upplýsingakerfinu og skila til Persónuverndar</u> eigi síðar en 1. apríl. | Rýna og bregðast við skýrslu frá RLS. | 0 | 2 | 2 |
| | | | 4. gr., 4. mgr. | Ríkislögreglustjóri skal <u>senda Persónuvernd áætlun skv. 1. mgr. og tilkynna stofnuninni um endurskoðun hennar</u> skv. 2. mgr. | Rýna og svara RLS vegna áætlana. | 0 | 1 | 1 |
| | | | 8. gr., 2. mgr. | Ef óviðkomandi hefur fengið aðgang að upplýsingakerfinu eða grunur leikur á slíku <u>skal ríkislögreglustjóri gera Persónuvernd viðvart</u>. | Rýna tilkynningar Persónuverndar og bregðast við þeim. (ATH. Ekki hér veittar upplýsingar um hvort gripið hafi verið til þessa ákvæðis eða í hve miklum mæli). | | | |
| | 133/2001 | um rannsókn sjóslysa | 10. gr. | Skráning sjóslysa. Rannsóknarnefnd sjóslysa skal annast skráningu allra sjóslysa. Nefndinni er heimilt að leita samráðs og samvinnu við slysaskrá Íslands um skráningu sjóslysa. <u>Skráning sjóslysa skal fara fram í samræmi við lög</u> um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. | Staðfesta að skráning sjóslysa sé í samræmi við persónuverndarlög. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti. | 0 | 1 | 5 |
| | 246/2001 | um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust | 2. gr. | Skyldur fjárhagsupplýsingastofa. Söfnun og skráning upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila, í því skyni að miðla þeim til annarra, er óheimil án <u>starfsleyfis sem Persónuvernd veitir</u>. Þeim einum má veita slíkt starfsleyfi sem að mati Persónuverndar er líklegur til að geta fullnægt skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ. á m. samkvæmt reglum sem Persónuvernd hefur sett um trúnað, áreiðanleika, öryggi og innra eftirlit við vinnslu persónuupplýsinga. Er handhafi slíks leyfis í reglum þessum nefndur fjárhagsupplýsingastofa. Persónuvernd getur bundið slíkt starfsleyfi þeim skilmálum sem hún telur vera nauðsynlega hverju sinni. Skal hún þá m.a. taka mið af þeim atriðum er greinir í 35. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ef sérstaklega stendur á að mati Persónuverndar, getur stofnunin vikið frá ákvæðum reglugerðarinnar við veitingu starfsleyfis. | Útgáfa, endurskoðun, niðurfelling og endurútgáfa starfsleyfa. | 10 | 10 | 15 |
| | 322/2001 | um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu | 3. gr. | <u>Ríkislögreglustjóri skal tilkynna Persónuvernd</u> um þær skrár sem hann heldur og um þær skrár sem hann hefur heimilað lögreglustjórum að halda skv. 2. mgr. 2. gr. Í tilkynningu skal tilgreina eftirfarandi atriði: 1. eðli skrár 2. tilgang skrár 3. hvaða upplýsingar er að finna í skrá 4. hverjir hafi aðgang að skrá eða einstökum hlutum hennar 5. til hverra upplýsingum úr skrá er | Fara yfir tilkynningar frá RLS um skrár sem hann heldur. Veita álit að beiðni RLS. Ákvörðun um birtingu tilkynningu opinberlega. Er ekki sinnt. Æskilegt að varið verði einni mannvinnuviku árlega til verkefnisins. | 0 | 0 | 5 |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | miðlað. Auk þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. skal í tilkynningu vegna skrár skv. 2. mgr. 2. gr. tilgreina hver annist og beri ábyrgð á vinnslu skrár. Nú verður breyting á skrá eða nýtingu hennar og skal þá ríkislögreglustjóri tilkynna Persónuvernd um þær breytingar. **Áður en tekin er í notkun ný aðferð við rafræna vinnslu persónuupplýsinga skal lögregla leita álits Persónuverndar** á því hvort sú vinnsla sé í samræmi við lög og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og eftir atvikum hvort grípa þurfi til sérstakra ráðstafana til að tryggja lögmæti vinnslunnar. [Ef ætla má að opinber birting á tilkynningu um skrá til Persónuverndar stefni í hættu þeim löggæsluhagsmunum sem skránni er ætlað að þjóna, **getur Persónuvernd**, í kjölfar kröfu þess efnis frá ríkislögreglustjóra, **ákveðið að tilkynningin skuli ekki birt opinberlega**.]2 2) Reglugerð nr. 926/2004, 2. gr. | | | | |
| | | | 4. gr. | Ríkislögreglustjóri og lögreglustjóri í hverju umdæmi bera ábyrgð á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og að meðferð þeirra samrýmist reglum og stöðlum sem Persónuvernd setur um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Til að fullnægja þessu skal reglulega framkvæma öryggismat og gerðar kerfisbundnar öryggisráðstafanir. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar skulu viðhafa og skipuleggja viðvarandi innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Eftirlitið skal miða að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga og að koma í veg fyrir aðgang, breytingu eða miðlun upplýsinga án heimildar. **Tilkynna skal Persónuvernd** reglulega um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt þessari grein. | Fara yfir tilkynningar frá RLS um ráðstafanir sem gripið er til á grundvelli eftirlits. Er ekki sinnt. Æskilegt að varið verði tveimur manndögum árlega til verkefnisins. | 0 | 0 | 2 |
| | | | 6. gr. 2. mgr. | Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til annarra stjórnvalda en getur í 1. mgr. eða til einkaaðila í eftirfarandi tilvikum: 1. [vegna umsókna um störf á sviði löggæslu, tollgæslu eða landhelgisgæslu, enda sé viðkomandi starf þess eðlis að það varði þjóðaröryggi eða landvarnir, auk þess sem hinn skráði hafi veitt upplýst samþykki sitt og fengið í hendur afrit af hinum miðluðu upplýsingum eða]3 2. samkvæmt lagaheimild eða 3. **samkvæmt heimild Persónuverndar** eða 4. ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu [eða 5. ef viðkomandi er tryggingafélag sem hefur með höndum uppgjör vegna tjóns og upplýsingarnar eru málefnalegar og nauðsynlegar til að ljúka uppgjörinu.]4. [6. Ríkislögreglustjóra er heimilt að miðla upplýsingum til tryggingafélags um punktastöðu vátryggingataka úr ökuferilsskrá, enda liggi fyrir upplýst samþykki vátryggingataka.]5 3) Reglugerð nr. 362/2008, 1. gr. 4) Reglugerð nr. 362/2008, 1. gr. 5) Reglugerð nr. 1137/2008, 1. gr. | Veita lögreglu heimild til að miðla persónuupplýsinga til annarra stjórnvalda. Er ekki fylgt eftir. Æskilegt að varið verði þremur manndögum árlega til verkefnisins. | 0 | 0 | 3 |
| | | | 13. gr. | Aðgangur lögreglumanna að persónuupplýsingum skal ekki vera | Taka við tilkynningum frá RLS um ráðstafanir | 0 | 0 | 3 |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | rýmri en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim verkefnum sem þeir hafa með höndum. Nú eru skráðar persónuupplýsingar ekki lengur nauðsynlegar í þágu lögreglustarfa vegna aldurs upplýsinga eða af öðrum ástæðum og skal þeim þá eytt. Ef óheimilt er að eyða upplýsingum skal ríkislögreglustjóri grípa til sérstakra ráðstafana til að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum og getur hann eftir atvikum bannað notkun þeirra. Ríkislögreglustjóri skal **<u>tilkynna Persónuvernd</u>** um ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessari grein. | til að takmarka aðgang að upplýsingum. Er ekki fylgt eftir. Æskilegt að varið verði þremur manndögum árlega til verkefnisins. | | | |
| 2003 | | | | | | | | |
| | 397/2003 | um leigubifreiðar | 11. gr. | Gagnagrunnur. Vegagerðin sér um starfsrækslu gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í hann skulu skráðar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja verða til grundvallar við útgáfu atvinnuleyfis og réttinda forfallabílstjóra og veitingu undanþágna. Þessar upplýsingar eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang, bifreiðastöð og kallnúmer leigubifreiðastjóra; tegund atvinnuleyfis og hvort það sé virkt eða ekki. Vegagerðin veitir þeim bifreiðastjórafélögum eða bifreiðastöðvum sem hún metur hæfar heimild til að gefa út undanþágur. Bifreiðastjórafélög og bifreiðastöðvar skulu eingöngu hafa aðgang að þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna útprentunar undanþágna. Vegagerðin gerir kröfur um tiltekinn búnað sem þarf til að geta tengst gagnagrunninum og gefið út undanþágur. Allar bifreiðastöðvar geta fengið heimild Vegagerðarinnar til lágmarksaðgangs að gagnagrunni til að geta sannreynt réttindi atvinnuleyfishafa og forfallabílstjóra. Vegagerðin setur reglur um aðgang að gagnagrunninum og afgreiðslutíma undanþágna. <u>Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal **gætt ákvæða laga nr. 77/2000**</u>, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | Staðfesting á að við meðferð upplýsinga í gagnagrunni um leigubifreiðastjóra sé fylgt ákvæðum því. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti. | 0 | 1 | 5 |
| | 627/2003 | um hámörk geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun | 22. gr. | Geislavarnir ríkisins halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun, sbr. 3. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 44/2002. **<u>Um skrána fer samkvæmt lögum um persónuvernd.</u>** | Hafa eftir atvikum eftirlit með skrá Geislavarna. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti. | 0 | 1 | 5 |
| 2004 | | | | | | | | |
| | 56/2004 | um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd | 35. gr. | Varðveisla gagna. Formaður barnaverndarnefndar ber ábyrgð á því að öll gögn barnaverndarmála sem unnin hafa verið og unnin eru í umdæminu séu varðveitt á starfsstöð nefndar með tryggilegum hætti og að **<u>meðferð þeirra samrýmist reglum og stöðlum sem Persónuvernd setur</u>** um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. <u>Gögn sem innihalda persónuupplýsingar skal undantekningarlaust</u> | Staðfesta tilvikabundið að meðferð persónuupplýsinga samrýmist ákvæðum þar um. Æskilegt væri að framkvæmd væri úttekt (3 mannvikur) hjá hverjum af þremur stærstu nefndunum annað hvert ár en að lágmarki á fimm ára fresti. | 0 | 9 | 24 |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | <u>geyma í læstum og traustum hirslum.</u> | | | | |
| | 443/2004 | um klínískar lyfjarannsóknir á mönnum | 7. gr. | Persónuvernd. **<u>Tilkynna skal allar klínískar lyfjarannsóknir til Persónuverndar</u>** áður en þær hefjast, í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 með síðari breytingum og reglur sem Persónuvernd setur á grundvelli þeirra laga um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. | Fara yfir mótteknar tilkynningar. Hljóta takmarkaða skoðun. Æskilegt að rými fengist til að fara betur yfir. | 10 | 10 | 15 |
| | | | 7. gr. 4. mgr. | **<u>Um öryggi persónuupplýsinga fer skv. reglum</u>** <u>sem Persónuvernd setur</u>, sbr. einkum 9. tölul. 5. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga um lífsýnasöfn. | Staðfesta með stuttri úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár, minnst fjórða hvert ár, að öryggi sé í samræmi við reglur Persónuverndar. | 0 | 3 | 5 |
| | | | 9. gr. 4. mgr. | Safnstjórn getur í undantekningartilvikum, að fengnu **<u>leyfi Persónuverndar</u>** og vísindasiðanefndar, **<u>heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi</u>** en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila. | Veita leyfi til notkunar í öðrum tilgangi en upphaflegum. Reynir sjaldan á. | 0 | 1 | 1 |
| | | | 10. gr. (úrsagnarskrá) | **<u>Um öryggi þessara upplýsinga fer skv. reglum</u>** <u>sem Persónuvernd setur</u>, sbr. 9. tölul. 5. gr. laga um lífsýnasöfn. | Staðfesta með stuttri úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár, minnst fjórða hvert ár, að öryggi úrsagnarskrár sé í samræmi við reglur Persónuverndar (innifalið í úttekt skv. 4. mgr. 7. gr. | 0 | 0 | 0 |
| | | | 11. gr. | Skyldur safnstjórnar. Við veitingu aðgangs að lífsýnasafni þjónustusýna skal safnstjórn gæta þess að aðgangur til vísindarannsókna skerði ekki möguleika til frekari greiningar sjúkdóma í þágu lífsýnisgjafa. Áður en **<u>aðgangur að lífsýnasafni þjónustusýna er veittur, skv. 9. gr. laga um lífsýnasöfn, skal liggja fyrir leyfi Persónuverndar</u>** samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og rannsóknaráætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar, sbr. reglugerð nr. 286/2008 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Í lífsýnasöfnum þjónustusýna sem orðið hafa til á heilbrigðisstofnunum hins opinbera eða stofnunum sem kostaðar eru af almannafé skal safnstjórn gæta samræmis og jafnræðis við veitingu aðgangs vísindamanna að lífsýnasafni. Aðgangur að lífsýnasafni þjónustusýna til vísindarannsókna skal byggjast á faglegum og vísindalegum forsendum að teknu tilliti til hagsmuna lífsýnisgjafa. Safnstjórn skal rökstyðja höfnun á beiðni um aðgang. Safnstjórn er óheimilt að flytja lífsýni í annað lífsýnasafn nema að fengnu leyfi vísindasiðanefndar og með þeim skilyrðum sem þær setja. Safnstjórn er heimilt að varðveita í lífsýnasafni sérsöfn lífsýna sem safnað hefur verið vegna tiltekinna vísindarannsókna og fer um aðgang að þeim samkvæmt samningi við ábyrgðarmenn rannsóknar að fengnu leyfi vísindasiðanefndar og Persónuverndar | Veita leyfi til aðgangs að lífsýnasafni þjónustusýna. Æskilegt að rýmri tími fengist til að fara ítarlegar yfir leyfisumsóknir. | 12 | 12 | 15 |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | og með þeim skilyrðum sem þær setja. | | | | |
| | | | 12. gr. | Flutningur lífsýna úr landi. **Flutningur þjónustusýna úr landi til vísindarannsókna er háður samþykki** vísindasiðanefndar og **Persónuverndar** og með þeim skilyrðum sem þær setja. | Veita samþykki fyrir flutningi þjónustusýna úr landi. Æskilegt að rýmri tími fengist til að fara ítarlegar yfir leyfisumsóknir. | 16 | 16 | 18 |
| | 961/2004 | um fullnustu refsinga | 24. gr. | Vinnsla persónuupplýsinga. Forstjóri fangelsismálastofnunar og forstöðumenn fangelsa bera ábyrgð á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og að **meðferð þeirra samrýmist reglum og stöðlum sem Persónuvernd setur** um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Jafnframt bera þeir ábyrgð á að varsla gagna sé með traustum hætti. **Til að fullnægja þessu skal reglulega framkvæma öryggismat** og gerðar kerfisbundnar öryggisráðstafanir. | Staðfesta með stuttri úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár, en minnst fjórða hvert ár, að meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við reglur Persónuverndar. | 0 | 3 | 5 |
| 2005 | | | | | | | | |
| | 702/2005 | um rannsóknarnefnd umferðarslysa | 7. gr. | Varsla málsgagna. Rannsóknarnefndin skal varðveita í öruggum geymslum gögn sem þýðingu hafa við rannsókn máls. **Meðferð og vinnsla nefndarinnar á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við lög nr. 77/2000** um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með síðari breytingum. Skal nefndin setja sér sérstakar reglur í því skyni. | Staðfesta að skráning umferðarslysa sé í samræmi við persónuverndarlög. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti. | 0 | 1 | 5 |
| 2006 | | | | | | | | |
| | 80/2006 | um rannsókn flugslysa | 9. gr. | Varsla málsgagna. Rannsóknarnefnd flugslysa skal varðveita í öruggum geymslum gögn sem þýðingu hafa við rannsókn máls. Hljóðritanir teknar á segulbönd skulu varðveittar í öruggri, læstri og eldvarinni geymslu. Gögn þau úr flugritum sem nefndin hefur stuðst við skulu varðveitt á sama hátt og hljóðritanir. **Meðferð og vinnsla nefndarinnar á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við lög nr. 77/2000** um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með síðari breytingum. Skal nefndin setja sér sérstakar reglur í því skyni. | Staðfesta að skráning flugslysa sé í samræmi við persónuverndarlög. Æskilegt væri að framkvæmd væri stutt úttekt (2 mannvikur) annað hvert ár en að lágmarki bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti. | 0 | 1 | 5 |
| | 441/2006 | um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs. | 25. gr. | Gagnavernd og þagnarskylda. Öll gögn, þ.m.t. erfðafræðilegar upplýsingar, sem aflað er innan ramma þessarar reglugerðar og þriðji aðili hefur aðgang að, skulu aftengd persónuauðkennum þannig að ekki sé lengur unnt að sanngreina gjafann. Í þessu skyni skal ábyrgðaraðili: a) Tryggja öryggi persónuupplýsinga og tryggja að gögnum verði ekki í leyfisleysi bætt við skrár um blóðgjafa eða skrár um frávísun eða eytt úr þeim eða breytt og til að koma í veg fyrir óleyfilega miðlun upplýsinga. b) Sjá til þess að fyrir hendi séu verklagsreglur til að greiða úr ósamræmi milli gagna. c) Sjá til þess að ekki komi til óleyfilegrar miðlunar framangreindra upplýsinga en tryggja um leið að unnt sé að rekja feril blóðeininga. Um **meðferð og vinnslu persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd** og meðferð persónuupplýsinga og lögum um réttindi sjúklinga. | Kanna hvort meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við lög. Æskilegt væri að framkvæmd væri skemmri skoðun (1 mannvika) annað hvert ár en að lágmarki bréfleg skoðun (1 mannvika) á fimm ára fresti. | 0 | 1 | 3 |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | | | | | | | | |
| | 148/2007 | um sölu heyrnartækja | 4. gr. | Söfnun og skil upplýsinga. Rekstrarleyfishafi skal halda skrár um komur viðskiptavina sem fá heyrnartæki og tengda þjónustu. Þar skal koma fram kennitala og kyn, sjúkdómsgreining læknis ef við á, niðurstöður heyrnarmælinga, raðnúmer og tegund heyrnartækis og upplýsingar um aðra þjónustu sem viðskiptavinur fær. Framangreindum upplýsingum skal skilað ársfjórðungslega til landlæknis í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu. Um söfnun og meðferð upplýsinga skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| 2008 | | | | | | | | |
| | 286/2008 | um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði | 8. gr. | Persónuvernd. Aðgangur að sjúkraskrám vegna vísindarannsóknar er óheimill nema **rannsóknin hafi áður hlotið samþykki Persónuverndar**, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og samþykki vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 4. gr. Um meðferð persónuupplýsinga við framkvæmd vísindarannsókna gilda ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | Veita samþykki, í leyfum Persónuverndar, fyrir aðgangi að sjúkraskrám. (Sjá 3. mgr. 9. gr. pvl.) | - | - | - |
| | 548/2008 | um heilbrigðisskrár | 2. gr. | Markmið. Markmið reglugerðar þessarar er að kveða nánar á um gerð og vinnslu heilbrigðisskráa og heilbrigðisskýrsina m.a. í þeim tilgangi að tryggja vernd persónuupplýsinga. Við gerð heilbrigðisskráa og heilbrigðisskýrsina og vinnslu upplýsinga úr þeim samkvæmt reglugerð þessari skal gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um réttindi sjúklinga. | | | | |
| | | | 23. gr. | Ábyrgð og rekstur heilbrigðisskráa. Landlæknir ber ábyrgð á þeim skrám sem hann heldur eða skipuleggur samkvæmt reglugerð þessari. Landlæknir ákveður þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnslu og ráðstöfun upplýsinga. Hann ber ábyrgð á að vinna við skrárnar og aðgengi að þeim sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um réttindi sjúklinga. Landlæknir skal upplýsa Persónuvernd um öll atriði er varða rekstur skráa og veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Landlæknir getur, með leyfi ráðherra, falið heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, eða öðrum aðilum, vinnslu og umsjón tiltekinna heilbrigðisskráa sem hann skipuleggur. Gera skal skriflegan samning um slíkar skrár, þar sem m.a. er kveðið á um hver sé umsjónarmaður skrárinnar af hálfu vinnsluaðila, starfsreglur og öryggiskröfur, innihald, úrvinnslu, ráðstöfunarrétt, notkun og dreifingu upplýsinga, gildistíma samnings svo og endurskoðunarákvæði. **Tilkynna skal Persónuvernd um samninga** | Fara yfir mótteknar tilkynningar landlæknis. | 0 | 0 | 1 |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | sem gerðir eru samkvæmt ákvæði þessu. | | | | |
| | | | 32. gr. | Eftirlit. Landlæknir ber ábyrgð á því að viðhaft sé innra eftirlit og að öryggismat sé framkvæmt reglulega í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. **Persónuvernd hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í skrám á heilbrigðissviði** sbr. ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Um vinnslu persónuupplýsinga í skrám á heilbrigðissviði gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | Eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í skrám á heilbrigðissviði. | 0 | 15 | 40 |
| | 748/2008 | um erfðaefnisskrá lögreglu | 10. gr. | Eftirlit. Ríkislögreglustjóri annast innra eftirlit með skránni. Hann hefur m.a. eftirlit með því að upplýsingum sé eytt úr skránni í samræmi við ákvæði 8. gr. **Ríkislögreglustjóri skal árlega senda Persónuvernd upplýsingar um þær aðgerðir sem hann hefur viðhaft** til að tryggja að meðferð persónuupplýsinga í skránni **sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, laga um erfðaefnisskrá lögreglu og persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**. | Fara yfir upplýsingar frá RLS um að aðgerðir hans séu í samræmi við pvl. o.fl. | 0 | 2 | 5 |
| | 1188/2008 | um gæði og öryggi við meðhöndlun frumna og vefja úr mönnum | 5. mgr. 12. gr. | Gert ráð fyrir að um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við þessa meðhöndlun fari fram samkvæmt lögum nr. 77/2000. | | | | |
| 2009 | | | | | | | | |
| | 435/2009 | um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla. | 9. gr. | Upplýsingar frá Námsmatsstofnun. Námsmatsstofnun er heimilt að veita öðrum en skólastjóra og foreldrum upplýsingar um einkunnir nemenda vegna: flutnings nemenda milli grunnskóla, enda liggi fyrir samþykki foreldra, athugana sem fræðsluyfirvöld standa fyrir enda sé krafist fullrar þagnarskyldu, fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu. Við miðlun upplýsinga vegna athugana og rannsókna samkvæmt b- og c-lið skal gæta laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 598/2009 | um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags | 3. gr. | Upplýsingar til Tryggingastofnunar ríkisins skv. 52. gr. almannatryggingalaga. Umsækjanda og bótaþega er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Tryggingastofnun er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á þennan hátt skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Telji umsækjandi eða bótaþegi upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar. Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum | | | | |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | sem verða á yfirstandandi tekjuári. | | | | |
| | 651/2009 | um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. | 7. gr. | Þegar rituð er æviferilsskýrsla, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga um meðferð sakamála, skal þess gætt að sýna tillitsemi ef spurt er um atriði er varða viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 698/2009 | um sveinspróf | 17. gr. | Meðferð upplýsinga og gagna. Óheimilt er að veita öðrum en próftaka upplýsingar um einkunnir hans á sveinsprófi nema nauðsyn beri til vegna **fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu að fenginni heimild Persónuverndar.** | Veita heimild fyrir fræðilegum rannsóknum. | 0 | 0 | 1 |
| | 896/2009 | um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla | 4. gr. | Þagnarskylda. Gæta skal fullrar þagnarskyldu um persónuupplýsingar sem aflað er um barn í leikskóla og fylgja því í aðra leikskóla eða grunnskóla. Um þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga fer samkvæmt 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og 8. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Samkvæmt lögum eða fyrirmælum reglugerðar þessarar er óheimilt að miðla persónuupplýsingum um börn í leikskólum til annarra en þeirra sem þess þurfa vegna starfa sinna. Málsmeðferð skal að öðru leyti vera í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | | | 5. gr. | Meðferð og öflun upplýsinga. Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Gæta skal þess að upplýsingar sem aflað er séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra. Þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. | | | | |
| | | | 7. gr. | Ábyrgð á meðferð upplýsinga. Leikskólastjóri ber ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að uppfylltar séu þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. | | | | |
| | 897/2009 | um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. | 6. gr. | Þagnarskylda. Gæta skal fullrar þagnarskyldu um meðferð persónuupplýsinga sem aflað er um nemendur í grunnskóla eða hafa fylgt barni úr leikskóla. Um þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga fer samkvæmt 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og 12. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Samkvæmt lögum eða fyrirmælum reglugerðar þessarar er óheimilt að miðla persónuupplýsingum um nemendur til annarra en þeirra sem þess þurfa vegna starfa sinna. Málsmeðferð skal að öðru leyti vera í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7. gr. | Meðferð og öflun upplýsinga. Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 með áorðnum breytingum. Gæta skal þess að upplýsingar sem aflað er séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra. Þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. | | | | |
| | | | 9. gr. | Ábyrgð á meðferð upplýsinga. Skólastjóri ber ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að uppfylltar séu þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985. | | | | |
| 2010 | | | | | | | | |
| | 584/2010 | um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum | 6. gr. | Aðgangur foreldra að upplýsingum í vörslu sérfræðiþjónustu. Foreldrar geta kynnt sér gögn eða fengið afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn. Skólar og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga skulu fara með allar slíkar upplýsingar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd. | | | | |
| | | | 20. gr. 3. mgr. | Starfshættir nemendaverndarráðs. Fara skal með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli um þagnarskyldu og gildandi lög um persónuvernd. Þeir sem sitja í nemendaverndarráði skulu gæta þagmælsku um atriði sem varða einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem þeir fá vitneskju um og leynt eiga að fara. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. | | | | |
| | 585/2010 | um nemendur með sérþarfir í grunnskóla | 5. gr. | Upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla. Persónuupplýsingar og greiningargögn sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynleg eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla skulu fylgja því, enda sé krafist þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. | | | | |
| | 1146/2010 | um vörslu og nýtingu lífsýna í lífsýnasöfnum | 2. mgr. 6. gr. | Ekki má gera vísindarannsókn á lífsýnum sem safnað hefur verið til vörslu í lífsýnasafni vísindasýna, nema rannsóknin hafi áður hlotið samþykki vísindasiðanefndar og að uppfylltum ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum. | | | | |
| | | | 7. gr. | Afturköllun upplýsts samþykkis. Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt fyrir varðveislu lífsýnis í lífsýnasafni | Fara yfir mótteknar tilkynningar um afturkallanir. | 0 | 0 | 1 |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | vísindasýna og/eða þátttöku í vísindarannsókn. Skal hann tilkynna ábyrgðarmanni rannsóknar eða söfnunar um ákvörðun sína. Ábyrgðarmaður skal afhenda lífsýnisgjafa staðfestingu á afturköllun. Ábyrgðarmaður rannsóknar eða söfnunar skal tilkynna vísindasiðanefnd og Persónuvernd um afturkölluninа. | | | | |
| 2011 | | | | | | | | |
| | 178/2011 | um eftirlit umboðsmanns skuldara með endurútreikningum fjármálafyrirtækja á gengislánum fyrirtækja | 3. gr | Upplýsingaöflun. Umboðsmaður skuldara getur krafið fjármálafyrirtæki um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu lögum samkvæmt. Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni. Fylgt skal ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila, í þessu tilfelli umboðsmanns skuldara, þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en skuldara. | | | | |
| | 478/2011 | um Lánasjóð íslenskra námsmanna | 15. gr. | Almennar upplýsingar, sem tengjast ekki einstökum lánþegum eða umsækjendum, eru öllum opnar eftir því sem tök eru á að afla þeirra hverju sinni. Aðrar upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir teljast einstaklingsbundnar og eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál sem eru eingöngu aðgengileg starfsfólki sjóðsins og stjórn, svo og námsmanni sjálfum og umboðsmanni hans, að því er hann sjálfan varðar. Skal stjórn og starfsfólki á hverjum tíma kynnt hvað í þessu felst. Námsmaður fellst með umsókn sinni á ofangreinda meðferð upplýsinga er hann varða. Að öðru leyti er farið með upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. | | | | |
| | 526/2011 | um reikningagerð fyrir fjarskiptaþjónustu | 4. gr. | Reikningar notenda. Á reikningum fyrir talsíma-, farsíma- og netþjónustu skulu koma fram allar nauðsynlegar magntölur fyrir viðkomandi gjaldtímabil þannig að notandi geti fengið greinargóða mynd af því hvernig upphæð viðkomandi reiknings er til komin. Við reikningagerð skal hafa að markmiði að reiknings upphæðir séu eins nákvæmar og kostur er og að notandi geti staðreynt gjaldfærsluna. Við gerð reikninga skal hafa hliðsjón af lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 665/2011 | um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins | 11. gr. | Meðferð persónuupplýsinga. Framkvæmd og beiting reglna samkvæmt þessari reglugerð skal vera í samræmi við lög og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. | | | | |
| | 1040/2011 | um ábyrgð og skyldur aðila | 13. gr. 2. mgr. | Líkamlegt inngrip í mál nemenda vegna ósættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar. Ef starfsfólk skóla metur að háttsemi | | | | |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | skólasamfélagsins í grunnskólum | | nemenda leiði af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu inngripi til að stöðva nemanda. Líkamlegu inngripi skal aðeins beitt í ítrustu neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra. Starfsfólki skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Skal þess ávallt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Láta skal tafarlaust af inngripi er hættu hefur verið afstýrt. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik samkvæmt þessari málsgrein séu skráð og varðveitt í skólanum svo og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið, í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, atburðinum sjálfum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi. | | | | |
| | | | 14. gr. 3. mgr. | Ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemanda um úrlausn máls. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik sem skipta máli vegna úrlausnar mála séu skráð og varðveitt í skólanum, ferli máls og ákvarðanir sem teknar eru vegna brota á skólareglum, í samræmi við lög um persónuvernd og reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. | | | | |
| 2012 | | | | | | | | |
| | 230/2012 | um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum | 15. gr. | Umsóknarferli og innritun á starfsbrautir. Umsóknum fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum er skilað rafrænt í innritunarkerfi framhaldsskóla. Foreldrar bera ábyrgð á að umsókn fylgi nauðsynlegar upplýsingar úr grunnskóla. Óski framhaldsskólar eftir frekari gögnum um nemendur geta þeir kallað eftir þeim. Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | 235/2012 | um upplýsingaskyldu framhaldsskóla, um skólahald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur | 4. gr. | Skráning, meðferð og varsla persónuupplýsinga. Með persónuupplýsingum er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Við skráningu, meðferð og vörslu persónuupplýsinga skal þess gætt að uppfylltar séu þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. | | | | |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5. gr. | Ábyrgð á vinnslu og öryggi persónuupplýsinga. Hver framhaldsskóli er ábyrgðaraðili í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Skólameistari ber ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að skólinn uppfylli lagalegar kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. Sé rafrænni tækni beitt við vinnslu persónuupplýsinga innan skóla skulu framhaldsskólar tryggja að vinnslan uppfylli kröfur Persónuverndar hvað varðar heimild til vinnslunnar, sbr. 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um öryggi upplýsinganna, sbr. 11. gr. laganna og regina um öryggi persónuupplýsinga, nr. 299/2001, að tilkynnt sé til Persónuverndar á þar til gerðu formi, geri lög ráð fyrir slíkri skyldu, sbr. reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, nr. 712/2008. Slík tilkynningarskylda er m.a. til staðar ef vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga fer fram í skólanum. Ákveði Persónuvernd að vinnsla skuli vera leyfisskyld skulu skólar aðstoða Persónuvernd við athugun á skólanum og afla sérstakrar heimildar fyrir vinnslunni. Hver framhaldsskóli ber ábyrgð á varðveislu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur sína og skal sjá til þess að upplýsingar komist ekki í hendur óviðkomandi aðila. Skólar skulu hafa öryggiskerfi sem tryggir vernd persónuupplýsinga og sjá til þess að innra eftirlit sé viðhaft með vinnslu þeirra. Við undirbúning öryggiskerfis skal gerð skrifleg öryggisstefna, skriflegt áhættumat og loks öryggisráðstafanir sem skulu ná til skipulags- og tæknilegra atriða, ytra öryggis og starfsmannamála. Skólar skulu veita ráðuneytinu upplýsingar um það hvernig öryggismálum er háttað samkvæmt þessari grein, sé eftir því leitað. | | | | |
| | | | 9. gr. | Upplýsingaréttur hins skráða. Um upplýsingarétt hins skráða fer samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ágreiningi um upplýsingarétt hins skráða samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er heimilt að beina til úrlausnar Persónuverndar. | Úrskurða í ágreiningsmálum um upplýsingarétt. | 0 | 0 | 0 |
| | 303/2012 | um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun | 5. gr. | Rekstur og hýsing. Matvælastofnun hefur umsjón með og ber ábyrgð á rekstri Heilsu og þróun kerfisins. Samningar við þriðja aðila um rekstur og hýsingu gagnagrunnsins skulu vera í samræmi við reglugerð þessa og lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |
| | | | 7. gr. | Úrvinnsla gagna. Matvælastofnun getur veitt leyfi til úrvinnslu gagna úr Heilsu t.d. vegna rannsókna og skal stofnunin þá tryggja að slík úrvinnsla og notkun gagna sé í samræmi við tilgang þessarar reglugerðar og lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð | | | | |

| Ár | Nr. reglug. | Heiti reglugerðar | Greinarnr. | Texti reglugerðarákvæðis | Verkefni/aths. | Sinnt, nú | Þörf, lágm. | Þörf, meðal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | persónuupplýsinga. | | | | |
| | 466/2012 | um færni – og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma | 10. gr. | Ábyrgð færni- og heilsumatsnefnda. Færni- og heilsumatsnefndir eru ábyrgar fyrir mati á dvalarþörf íbúa í því heilbrigðisumdæmi sem þær starfa. Ábyrgðin felur meðal annars í sér að afla allra áskilinna gagna og upplýsinga, sbr. 11. gr., og tryggja að fagleg sjónarmið ráði ferðinni við matsgerðina. Færni- og heilsumatsnefndir bera ábyrgð á rafrænni skráningu færni- og heilsumatsins og að meðferð og varðveisla gagna sem færni- og heilsumatið byggist á samræmist lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nefndirnar bera einnig ábyrgð á að kynna niðurstöður færni- og heilsumats þeim sem málið varðar, sbr. 12. gr. Þeir sem sinna færni- og heilsumati eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu í samræmi við 12. og 13. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. | | | | |
| 2013 | | | | | | | | |
| | 342/2013 | um þróun upplýsinga- og fjarskiptatækni til notkunar fyrir skynvædd samgöngukerfi | 5. gr. | Reglur um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga. Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við rekstur tæknibúnaðar og þjónustu fyrir skynvædd samgöngukerfi skal fara fram í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. | | | | |

Samtölur fyrir reglugerðir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| manndagar | 48 | 95 | 200 |
| mannmánuðir | 2,4 | 4,75 | 10 |
| stöðugildi lögfr./tæknim. | 0,21 | 0,42 | 0,84 |